

Viðskiptamaður ársins 2022

Orri Hauksson, forstjóri Símanans, er viðskiptamaður ársins.

Markaðurinn




Menningarátök ársins 2022

Farið yfir skandala í menningarlífinu á árinu.

Menning > 16



Vínartónleikar Sinfóníunnar
5., 6. OG 7. JANÚAR
MIÐASALA Á SINFONIA.IS



FRÉTTABLAÐIÐ

281. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 28. DESEMBER 2022



Það var virkilega fallegt um að litast við Sæbrautina í Reykjavík í gær þegar sólin skein á sama tíma og snjökorn féllu. Við þau skilyrði myndaðist þessi glæsilegi regnbogi. Í dag má búast við fallegu veðri í höfuðborginni, sól en miklum kulda. Á landinu má búast við norðaustlægrri átt 5-13 metrum á sekúndu en 10-15 norðvestan til. Él víða en léttir til smám saman syðra. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Öll spjót sögð standa á Vegagerðinni

Vegagerðin sætir gagnrýni úr ýmsum áttum. Ferðum aflýst fyrir hundruð milljóna vegna slægrar frammistöðu í snjó-mokstri. Orðsporstjón er sagt yfirvofandi.

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Mér finnst með ólíkindum hve innviðir Íslands eru veikir,“ segir Lior Oestereich, ísraelskur ferðamaður sem komst ekki í Bláa lónið í gær vegna lokunar Grindavíkurveggar.

Lior keypti ferð í lónið með löngum fyrirvara en það er yfirbókað næstu daga og að hans sögn engar líkur á að hann nái að bada sig í því. Ferð í lónið var

höfuðástæða heimsóknarinnar til Íslands. „Ég skil ekki heldur að flugvöllur sé sólarhringum saman úr leik þegar ein gata lokast.“

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir tímabært að hugsa íslenskt vetrarsamfélag út frá þörfum ferðamanna en ekki bara landsmanna. Hann hvetur Vegagerðina til að bæta þjónustu, auka upplýsingagjöf til ferðamanna og setja meiri þunga í snjómokstur víðar en nú er.

„Það er ekki boðlegt að Mosfellsheiðin sé ekki mokuð, þessi mikilvæga ferðamannaleið. Við höfum líka gantast með að það sé ansi hart ef það þarf að setja upp kúabú við Dettifoss til að veginum þar sé



Það er engin þörf á þessum rosa-
legu lokunum.

Ingólfur Axelsson, Tröllafarðum

haldið opnum yfir vetrartímann.“

Ingólfur Axelsson hjá Tröllafarðum staðhæfir að veðrið sé ekkert verra á Suðurlandi nú en árið 2019 þegar allt hafi verið opið. Vegagerðin hafi ekki þann mannskap og þau tæki sem þurfi til að halda vetrarferðamennsku gangandi.

„Ég ætla bara að kasta Vegagerðinni í Reykjavík undir rútna, yfirstjórn Vegagerðarinnar þarf einfaldlega að stýra því betur hvar mannskapurinn starfar,“ segir Ingólfur.

Þjóðvegurinn við Kirkjubæjarklaustur hefur að sögn Ingólfs verið lokaður í fjóra daga.

„Það er engin þörf á þessum rosa-
legu lokunum, þetta er beinn og breiður vegur, það þarf bara mannskap og tæki. Þetta er ótrúlegt mál,“ segir Ingólfur.

Ingólfur hefur aflýst ferðum fyrir 200 milljónir króna síðustu daga. Hætta er á orðsporstjóni á erlendum mörkuðum að hans sögn.

Ekki náðist í fulltrúa Vegagerðarinnar. ■

Ósamræmi í spá Orkustofnunar


ORKUMÁL Spálíkan Orkustofnunar gerir ráð fyrir að Ísland muni brenna yfir 600 þúsund tonnum af olíu árið 2040 sem er þvert á markmið stjórnvalda sem ganga út á að Ísland verði óháð olíu fyrir þann tíma.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarinnar, segir þetta undarlegt ósamræmi. „Ég get ekki ímyndað mér að ríkisstjórnin sé ánægð með þessi vinnubrögð Orkustofnunar.“

Sigurður Friðleifsson, sviðsstjóri hjá Orkustofnun, telur gagnrýnina byggða á misskilningi. „Líkanið sýnir fyrst og fremst hvar við þurfum að herða tókin og grípa til markvissra aðgerða.“ **SJÁ SIÐU 4**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



VETRARÚTSALA
2-3 DAGA AFHENDING



Séra Kristján Björnsson í Skálholti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kveðja frá biskupi eftir kirkjubruna

gar@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Vígslubiskupinn í Skálholti sendi í gær kveðju til prestsins í kirkjunni sem brann til grunna í Rautjärvi í Finnlandi á jóladag.

„Leyfðu mér að tjá samúð mína vegna þessa taps á svo fallegu og sögulega mikilvægi guðshúsi í eldi á jóladag,“ skrifar séra Kristján Björnsson vígslubiskup. „Þökk sé guði að kirkjugestir og presturinn komust út heilu og höldnu og var bjargað,“ bætir biskup við og kveðst hugsa til sóknarbrunnanna í Rautjärvi.

Lögregluna í Finnlandi grunar að eldri maður, sem fannst látinn við íbúðarhús sem einnig brann á jóladag 30 kílómetra frá kirkjunni í Rautjärvi, hafi viljandi kveikt í henni. ■



Opíð verður fram yfir áramót.

Neyðarskýli opin

erlamaria@frettabladid.is

SAMFÉLAG Sólarhringsopnun verður í neyðarskýlunum að Grandagarði og á Lindargötu til og með 1. janúar á næsta ári. Þá verður Konukot opíð utan opnunartíma Skjólans, sem er opíð hús fyrir konur, milli klukkan tíu og þrjú á virkum dögum.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að ákvörðunin um opnunina hafi verið tekin í ljósi slæmrar veðurspár næstu daga, þegar veðurskýli séu á þann veg að einstaklingum sé hætt við ofkælingu eða alvarlegum slysum. ■

Listin að moka snjó



Desember hefur verið snjópungur um allt land, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu, þá er mikilvægt að moka vel. Þessi maður stóð sig afar vel í snjó-mokstrinum fyrir utan hús á Holtavegi í gær. Sumir segja það mikilvægasta við moksturinn að vera með réttu verkfærin, góða skóflu eða sköfu. Þá er einnig mikilvægt að fara varlega við líkamsbeitinguna, passa upp á bakið og vera í góðum skóm sem ekki eru sleipir.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Óvanir passi sig á vetrarfærðinni

bth@frettabladid.is

VEÐUR „Það þarf að hvetja fólk til að undirbúa sín ferðalög vel, smábílar gætu einkum lent í vanda. Svo skiptir reynsla ökumanna af því að aka í snjó mjög miklu máli,“ segir Marcel de Vries, veðurfræðingur á Veðurstofnunni.

Horfurnar fyrir ferðalög milli landshluta eru misgóðar eftir svæðum næstu daga og fram að áramótum.

Hvasst verður á Austurlandi og Suðausturlandi í dag og gul viðvörðun.

Von er á stanslausum eljum á Norðurlandi næstu daga, allt fram til áramóta. ■

Ræst um miðja jólanótt í flug til að spila handbolta

Þrettán til sextán ára ungmennti í fjórum handbolta-liðum eru á ferð og flugi í Svíþjóð. Ekkert mál að missa af jólonum, segir handbolta-stúlka.

bth@frettabladid.is

HANDBOLTI Fjórum klukkustundum eftir miðnætti að kvöldi jóladags voru leikmenn fjögurra liða í handbolta, 13 til 16 ára stúlkur og drengir, ræstir út og ekið til Keflavíkur. Þeirra beið flugferð til Kaupmannahafnar og þaðan var ekið með rútu til Gautaborgar í Svíþjóð.

Tílfnið var sterkt norrænt handboltamót sem hófst í gær og nefnist Norden Cup. Lið sem hafa unnið landstítla eða náð góðum árangri eru boðin til mótsins frá öllum Norðurlöndunum. Yngstu keppendur héðan eru fæddir 2009 en hinir elstu 2006. Um ræðir þrjú lið frá Val og eitt frá Aftureldingu.

„Það er ekki sjálfgefið að börn leggi þetta á sig og sama má segja um foreldrana, það er ekki sjálfgefið að þeir séu til í að missa börnin frá sér yfir jólin,“ segir Óskar Bjarni Óskarsson „rótari“ þjálfara á mótinu.

„Mín reynsla er að það séu þessar ferðir sem krakkarnir gleyma aldrei og eiga bestu minningarnar um. Það er auðvitað ævintýri að vakna um miðja nótt, fljúga út og kynnst krökkum frá öðrum löndum, að ekki sé talað um að þau eru að taka þátt í íþrótt sem þeim finnst skemmtilegust,“ bætir Óskar Bjarni við.

Sem dæmi um metnaðinn má nefna að sum íslensku liðanna æfðu á jóladag. Annað dæmi til marks um ástríðu keppenda er Sólveig Þórumsdóttir sem dreif sig út með



Lið Aftureldingar drengja, fæddra 2009, eru meðal þeirra sem þurftu að vakna eldsnemma og fórna jólonum fyrir Norden Cup.

MYND AÐSEND



Mín reynsla er að það séu þessar ferðir sem krakkarnir gleyma aldrei og eiga bestu minningarnar um.



Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari

’06-liðinu sínu. Það gerði hún þrátt fyrir að vera óleikfær vegna meiðsla. Hún hafði safnað fyrir ferðinni þegar meiðslin komu upp fyrir skömmu og það kom ekki til greina, að hennar sögn, að sitja heima heldur er hún á staðnum samstöðunnar og ánægjunnar vegna.

„Við vorum að vinna fyrsta leikinn gegn norsku liði með einu marki,“ sagði Sólveig brótt síðdegis í gær.

„Handbolta er einfaldlega það besta sem ég þekki og það skiptir engu máli þótt ég sé að missa af jólonum, ekki miðað við hvað þetta er skemmtilegt.“

„Það er alltaf reynt að búa þannig um hnútana með fjársöfnunum að félagslegar aðstæður komi ekki í veg fyrir að börn geti notið þessara tækifæra,“ segir Óskar Bjarni. ■

Sprengjum á réttum tíma!

Sýnum tillitsemi og skjótum flugeldunum aðeins upp á gamlárskvöld





Hefðin er styrkur þjóðarinnar



Flugeldasalan er
hafin um allt land

flugeldar.is

Margar kínverskar ferðaskrifstofur ekki lengur til staðar

helgisteinar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Talsmenn innan ferðaþjónustunnar búast ekki við mörgum kínverskum ferðamönnum hingað til lands á næsta ári

Kínversk stjórnvöld hafa tilkynnt að frá og með 8. janúar þurfi erlendir farþegar sem koma til Kína ekki lengur að sæta sóttkví við komuna til landsins. Að sama skapi munu Kínverjar geta ferðast til útlanda á ný.

Jónína Bjartmarz, framkvæmda-

stjóri Okkar kvenna í Kína, vonast til að sjá kínverska ferðamenn á Íslandi, en segir að það gæti tekið tíma. „Við verðum að athuga líka að eftir þennan langa tíma þá er spurningin: Hvar eru samstarfsaðilar okkar? Hvar eru ferðaskrifstofurnar? Er þær enn til?“

Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðaþjónustunnar hjá Íslandsstofu, segir ferðaþjónustuna hafa náð góðum bata eftir faraldur þrátt fyrir tapið á kínverskum ferðamönnum.



Árið 2019 voru Kínverjar fjórða fjölmennasta þjóðerni ferðamanna Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Eftir árið í ár verður tala ferðamanna 1,7 milljónir sem eru 85 prósent af því sem það var 2019. Þannig að batinn er mjög góður og það verður athyglisvert að sjá hvað gerist þegar kínverskir ferðamenn geta farið að ferðast á ný.“

Þeirri spurningu var einnig beint í gær til Embættis landlæknis hvort huga þyrfti að sérstökum ráðstöfunum í ljósi mikillar útbreiðslu Covid-19 í Kína undanfarið. Ekki fékkst svar frá embættinu áður en Fréttablaðið fór í prentun. ■



Kristinn Gylfi Jónsson, eigandi Geysis og fyrrverandi eigandi Brúneggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

Hyggjast áfrýja Brúneggjamálinu til Landsréttar

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Eigendur félaganna Bala og Geysis hyggjast áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í hinu svokallaða Brúneggjamáli. Þetta staðfestir Viðar Lúðvíksson lögmaður. En fyrir júl voru Ríkisútvarpið og Matvælastofnun sýknuð af öllum kröfum félaganna.



8 milljóna króna málskostnaður hefur vakið athygli.

Félögin, sem eru í eigu fyrrverandi eigenda eggjaframleiðandans Brúneggja, telja að umfjöllun um aðbúnað og merkingar í fréttaskýringarþættinum Kveik árið 2017 hafi verið röng en Brúnegg fóru í gjaldþrot eftir birtingu þáttarins. Einnig að Matvælastofnun hafi farið fram úr sér við heimildagjöf.

Þessum sjónarmiðum var algerlega hafnað í héraðsdómnum.

Athygli hefur vakið hversu hár málskostnaðurinn var, hann var átta milljónir. ■

Orkuskiptum ekki náð í tæka tíð

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins furðar sig á að spá Orkustofnunar geri ekki ráð fyrir að markmiðum um orkuskipti verði náð fyrir árið 2040. Svíðsstjóri hjá Orkustofnun segir um misskilning að ræða.

ggunnars@frettabladid.is

ORKUMÁL Spálikani Orkustofnunar er ætlað að veita upplýsingar um orkuþörf Íslendinga í komandi orkuskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í umhverfisvænni orkugjafa.

Stofnunin gerir ráð fyrir að Ísland muni enn brenna yfir 600 þúsund tonnum af olíu árið 2040. Þvert á markmið stjórnvalda sem ganga út á að Ísland verði alfarið óháð olíu á fyrir þann tíma.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir þetta undarlegt ósamræmi.

„Það finnst mörgum skrítið að grunnspá, sem opinber stofnun eins og Orkustofnun setur fram, skuli ekki gera ráð fyrir því að markmið stjórnvalda í orku- og loftslagsmálum náist. Tala nú ekki um þar sem markmið Íslands um kolefnishlutleysi eru lögbundin,“ segir Sigurður.

Hann telur það ekki góð skilaboð út í atvinnulífið og upplýsingarnar misvísandi.

„Ég get ekki ímyndað mér að ríkisstjórnin sé ánægð með þessi vinnubrögð Orkustofnunar. Allar fjárfestingar í atvinnulífinu taka mið af þessum markmiðum. Fyrirtækin eru á fleygiferð við að til einka sér nýja tækni sem tekur mið af breyttum orkugjöfum. Þetta eru mjög kostnaðarsamar aðgerðir. Það er því algjör grunnkrafta að tímasett markmið standi,“ segir Sigurður og telur tímenn þegar orðinn nauman ef áform um orkuskipti eigi að ganga eftir.



Flest íslensk fyrirtæki eru þegar farin að fjárfesta í samgöngutækjum sem taka mið af áformum stjórnvalda um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Jarðefnaeldsneytið mun kveðja fyrir en síðar. Hversu hratt það gerist er undir okkur sjálfum komið.



Sigurður Friðleifsson, svíðsstjóri hjá Orkustofnun



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Sigurður Friðleifsson, svíðsstjóri hjá Orkustofnun, segist skilja gagnrýnina en telur hana byggja að einhverju leyti á misskilningi.

„Spálikanið setur vissulega fram grunnsviðsmynd sem nær ekki markmiðum stjórnvalda en góðu fréttirnar eru að ef forsendum er breytt og hert er á hraða orkuskipta þá má ná vænlegri niðurstöðu.“

Sigurður segir Orkustofnun með

þessu vera að skipta úr fastri spá yfir í gagnvirkt líkan. Gögnin séu því miklu frekar vegvisir en einhver föst spá um framhaldið.

„Líkanið sýnir fyrst og fremst hvar við þurfum að herða tókin og grípa til markvissra aðgerða,“ segir hann.

Stjórnvöld geti hraðað orkuskiptum með markvissum aðgerðum og ívilnunum, að mati Sigurðar, en aðalatriðið sé að draga fram hversu mikilvægt sé að gripið verði til aðgerða sem allra fyrst.

„Tími orkuskipta er kominn og jarðefnaeldsneytið mun kveðja fyrir en síðar. Hversu hratt það gerist er undir okkur sjálfum komið. Fyrirtækjum, stjórnvöldum og almenníngi,“ segir Sigurður Friðleifsson, svíðsstjóri hjá Orkustofnun. ■

SR3


STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA



GULLÖLD
SVEIFLUNNAR

PÁLL ÓSKAR
MARÍNA ÓSK
REBEKKA BLÖNDAL

► 8. JANÚAR ► KL. 20.00 ► ELDBORG



Controlant óskar
öllum nær og fjær
gleðilegrar hátíðar
og farsældar á
komandi ári



Controlant



Tsai Ing-wen, forseti Taívan.

Taívanar lengja herskylduna

gar@frettabladid.is

TAÍVAN Ótti við vaxandi ógn frá Kína er sögð ástæða þess að stjórnvöld í Taívan hafa þrefaldað lengd herskyldu fyrir karla í landinu, úr fjórum mánuðum í eitt ár. Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi í ársbyrjun 2024.

Kínverjar líta á Taívan sem hluta af Kína og beita refsiaðgerðum gegn löndum sem eiga í stjórnmalasambandi við eyjuna. Flest lönd víðurkenna Taívan ekki sem sjálfstætt ríki og Kínverjar segjast munu beita valdi svo Taívan verði ekki sjálfstætt. ■



Porskur kominn á land.

Góðar fréttir af dönskum þorski

gar@frettabladid.is

DANMÖRK Metfjöldi þorskseida mælist nú í Eystrasalti að sögn Kaupmannahafnarháskóla.

Hefur danska ríkisútvarpið eftir sérfræðingi að magn þorskseida milli fjögurra og tólf sentímetra að stærð sé nú tífalt meira en á sama tíma í fyrra.

Þá hafi mælingarnar þess utan sýnt óvenju mikið magn af seiðum. Þetta sé öldungis frábær þróun í ljósi þess hversu þorskstofninn í Eystrasalti var í slæmu ásigkomulagi. ■

Þvinganir á Rússa skulu gilda eftir frelsun Úkraínu

Utánríkisráðherra Lettlands segir hertar refsiaðgerðir gegn Rússum eitt mikilvægasta tækið til að takmarka getu þeirra í stríðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is
helenaros@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Edgars Rinkevics, utánríkisráðherra Lettlands, sagði í árlegu ávarpi sínu að efnahagsþvinganir á Rússa yrðu að vera til staðar eftir að hernumin svæði í Úkraínu verða frelsuð. Einnig að þau ríki sem standa með Úkraínu verði að vera meira samstiga í þvingunum.

Rinkevics segir hertar refsiaðgerðir gegn Rússum vera eitt mikilvægasta tækið til að takmarka getu þeirra til að fjármagna og heyja stríðið þar sem þær aðgerðir auki pólitískan og efnahagslegan kostnað við stríðið.

Evrópusambandið er með efnahagsþvinganir gegn Rússum, sem og Bandaríkin, Kanada, Bretland, Noregur, Ísland og fleiri ríki, en misharðar þó. Þessar þvinganir beinast meðal annars gegn orku-, flug- og hátækniönduð og er ætlað að veikja mátt Rússlands til þess að herja á Úkraínu.

Einnig er þvingunum beitt gegn 1.836 rússneskum einstaklingum og 171 fyrirtæki. Þar á meðal eru æðstu embættismenn Rússlands, þingmenn, meðlimir þjóðaröryggisráðsins og aðrir einstaklingar sem standa nálægt Pútín líkt og oligarkar og áróðursmeistarar.

Auk opinberra þvingunaradgerða hafa fjölmörg fyrirtæki hætt viðskiptum við Rússland og hefur landinu verið vísað úr íþrótt- og menningarstarfsemi, svo sem knattspyrnumótum og Eurovision.

Rinkevics sagði að ekki væri nóg að hafa þvinganirnar í gangi meðan stríðið sjálft geisadi. Eftir



Edgars Rinkevics segir hertar refsiaðgerðir mikilvægar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Evrópusambandið hyggst nota frystar rússneskar eignir til að greiða fyrir uppbyggingu í Úkraínu.

ad Úkraínუმენн frelsa allt sitt landsvæði undan hernámi þarf að viðhalda þvingunaraðgerðunum þar til Rússar víðurkenna fullveldi Úkraínu og alþjóðlega víðurkennd landamæri, en innan þeirra eru bæði Donbass og Krím. Einnig þarf Rússland að greiða skadabætur til þess að byggja Úkraínu upp að

nýju eftir gríðarlega eyðileggingu í stríðinu.

Tilkynnti Rinkevics að Lettland myndi styðja nýja áætlun Evrópusambandsins um að nota frystar eignir Rússa til að greiða fyrir uppbyggingu í Úkraínu. Að sögn Rinkevics er nauðsynlegt að kalla einnig aðila sem hafa hjálpað Rússum að forðast refsiaðgerðir til ábyrgðar.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti undirritaði í gær tilskipun sem bannar útflytning á rússneskri olíu og olíuafurðum til ríkja sem hafa komið sér saman um verðþak á olíu frá Rússlandi. Bannið tekur í gildi 1. febrúar næstkomandi og gildir í fimm mánuði. G7-ríkin ásamt Evrópusambandinu og Ástralíu settu 60 dollara verðþak á hverja innflutta tunnu af rússneskri hráolíu sem flutt er sjóleiðis, fyrr í desember. ■

Stríðsæsingur út af númeraplötum

thorgrimur@frettabladid.is

KÓSOVÓ Mikil spennan ríkir nú við landamæri Kósovó og Serbíu, þar sem serbneski herinn hefur verið settur í viðbragðsstöðu. Öryggisveitarliðum hefur verið fjölgað upp í um 5.000 og Aleksandar Vučić, forseti Serbíu, segist ætla að „gera allar ráðstafanir til þess að vernda þjóðina okkar og varðveita Serbíu“.

Kósovó, sem er aðallega byggt fólki af albönsku þjóðerni, klauf sig frá Serbíu á tíunda áratugnum og lýsti yfir sjálfstæði árið 2008. Serbía og serbneski þjóðernisminnihlutinn í Kósovó víðurkenna ekki sjálfstæði landsins og hafa átt í stormasömu sambandi við kósovósk stjórnvöld.

Hjörtur Bragi Sverrisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri mannréttindadeildar ÖSE í Kósovó, segir deiluna sem hefur valdið þessum heræsingi snúast um númeraplötur á bílum. „Þetta er gömul deila sem kemur alltaf upp öðru hverju. Þegar albanski þjóðernismeirihlutinn tók yfir Kósovó skiptu þeir um númeraplötur og tóku upp sínar eigin plötur sem virkuðu þá hvergi nema í Kósovó. Serbneski minnihlutinn í Kósovó neitaði að skipta um númeraplötur og hefur yfirleitt viljað nota skráningarnúmer sem eru gefin út annaðhvort af serbneskum yfirvöldum eða staðaryfirvöldum sem eru hlíðholl Serbíu í borginni Mitrovica.“ Hjörtur segir að stjórn Kósovó hafi



Ítalskir hermenn á vegum Atlantshafsbandalagsins í norðurhluta Kósovó.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

öðru hverju reynt að banna notkun serbnesku bílnúmeranna. Nú hafi hins vegar verið gengið lengra en áður og lögreglumönnum gert að sekta Serba fyrir að hafa þau. „Þótt þetta hljómi sakleysislegt tengist þetta sjálfstæðisbaráttu Kósovó gagnvart Serbíu og vilja Serbanna til að vera óháðir yfirvöldum Kósovó.“ segir Hjörtur. „Þetta er táknað fyrir þessa baráttu.“

Hjörtur segir að hernaðaruppbygging við landamærin hafi áður átt sér stað en hann muni ekki til þess að Serbar hafi áður haft svo marga hermenn til reiðu. „Þetta tengist auðvitað árásinni í Úkraínu, sem hefur skapað tómarúm í öryggismálum þar sem allir eru með hugann við Úkraínu. Serbar halda

kannski að þeir geti ógnað Kósovó aftur og að Vesturlönd eigi erfiðara með að styðja við Kósovóalbana.“

Þrátt fyrir hernaðaruppbygginguna segist Hjörtur ekki búast við neinni allsherjarinnrás Serba í Kósovó. „Mér finnst ekkert ólíklegt að þeir sendi inn einhverjar öryggisveitir til að styðja við þessa lögreglumenn eða sérstjórnir sem Kósovó-serbar eru með. Það hafa þeir gert áður. Ég hef sjálfur séð lögregluþjóna í serbneskum einkennisbúningum í þorpum í Kósovó. Ég held ekki að þeir geri heila árás því það væruandalokin fyrir Serba ef þeir vilja ganga í ESB eða eiga samstarf við Evrópu. Það eru líka NATO-hermenn í Kósovó og þeir myndu allavega verja sjálfa sig, ef ekki Kósovóalbana.“ ■

Jóla happdrætti

ÚTRÁTTUR 24. DESEMBER 2022



Krabbameinsfélagið

krabb.is

Vinningar

Aiways U5 Premium, 100% rafmagnaður – 5.990.000 kr.
80392

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.
33438 51576 53632

TREK rafhjól Allant+ 7, 2022 – 529.990 kr.

23588	57275	95850	121349	138489
29333	68899	104398	127547	139000
45177	75782	108771	131021	150112
55096	80992	111634	136264	150161

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.

5152	26522	56643	76450	111803	138895
5394	28445	56881	77344	112214	140061
7322	28510	56917	77711	112385	145246
7617	29176	57108	80028	114033	147619
8120	31009	59488	81982	114536	148081
10162	33977	60134	85022	117444	148626
10670	35201	61223	87394	117522	149351
13287	37095	63550	89594	119574	150186
13717	38210	65534	90469	120258	150484
18012	41396	66796	96474	120321	151244
18133	41723	67434	97460	121144	152183
18527	42185	68556	97779	122403	152853
19230	43285	69946	98321	124618	153440
20211	44862	71021	99743	126664	156474
21026	45145	72649	102594	128098	158536
22730	46341	73166	102701	128549	
24637	50691	73194	105903	132836	
25824	53864	75533	108489	137983	
26113	54086	75540	108946	138331	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.

216	33550	54770	86282	105173	125616	144538
1696	34269	56222	86946	105221	128616	145047
4203	34481	56421	86984	105226	128865	148727
4588	34872	57123	87094	106097	129437	149252
5069	35218	57413	87337	106477	129518	151725
7173	38826	59202	87466	106683	131775	151813
8022	38838	60657	89850	107040	133724	155342
9177	41005	61578	90436	107937	133742	156342
9564	41343	61981	91483	109593	134463	156825
12532	41652	66283	92581	109855	135084	157637
13828	43948	71230	92686	110758	135369	157740
13968	44169	73990	95507	110960	135446	158046
15631	45202	74074	96233	112549	136526	158650
18899	45609	74119	99170	113269	138432	158691
19010	47212	76621	99902	115013	138926	159892
21597	47284	76743	100260	115045	139469	
25523	47399	81032	102776	115669	139476	
26143	48246	82218	103010	121139	141444	
28505	52022	84922	103684	122577	142061	
32299	52322	85401	104221	124852	143322	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900. Byrjað verður að greiða út vinninga þann 10. janúar nk.



20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum

HAGKAUP

Áramótabomba

28. – 31. desember

Heill heimur af snyrtivörum
á hagkaup.is

RISA ÚTSALA

HEFST Í DAG



35%

IMPERIAL

3ja sæta sófi. Svart Velvet.
216x89x76 cm.

194.994 kr. 299.990 kr.



60%

FRANCIS DUSK

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. 371 x 177 x 80 cm.

259.996 kr. 649.990 kr.



25%

VEGA

Sófaborð. Svartur eða hvítur marmari.

140x70 cm. 89.993 kr. 119.990 kr.



35%

BARON

Tungusófi. Alice grátt áklæði. 242 x 170 x 78 cm.

298.994 kr. 459.990 kr.



30%

KENYA

Hægindastóll.

Dökkgrænn eða Beige.

48.993 kr. 69.990 kr.



25%

CORE

Skenkur með 4 hurðum.

170 x 40 x 85 cm. 89.993 kr. 119.990 kr.



40%

SIXTY

3ja sæta með Velvet áklæði.

225 x 95 x 94 cm. 200.994 kr. 334.990 kr.



30%

PARIS

Hægindastóll. Ýmsir litir.

41.993 kr. 59.990 kr.



FLORIDA

Hornsófi, hægra eða vinstra horn. 260 x 218 x 95 cm.

349.993 kr. 499.990 kr.

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Allt að 60% afsláttur



KOS

3ja sæta sófi. Grátt eða drapplitað áklæði. 217 x 100 x 84 cm.

231.992 kr. ~~289.990 kr.~~



HEAVEN

Borðstofuborð, eikarspónn. 90x220 cm.

83.994 kr. ~~139.990 kr.~~

40%



PITCH

Counterstóll. Vintage grár.

22.495 kr. ~~44.990 kr.~~

50%



ZIMMER

Borðstofustóll, ýmsir litir.

29.995 kr. ~~59.990 kr.~~

50%

20%
AF ÖLLUM
BODUM
VÖRUM



bodum®

20%
AF ÖLLUM
BROSTE
VÖRUM

BROSTE COPENHAGEN



15%
AF ÖLLUM
NORDAL
VÖRUM



Breyttur afgreiðslutími um áramót
Gamlársdagur - Lokað
Nýársdagur - Lokað

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Aurasálar



Garðar Örn Úlfarsson gar @frettabladid.is

Biskup Íslands, séra Agnes M. Sigurðardóttir, segir að á Íslandi sé guð kristinna manna beittur þöggun. Þetta kom fram í hátíðarmessu biskups um jólin sem sjónvarpað var og útvarpað af Ríkisútvarpinu.

„Guð birtist hér á jörð í barninu Jesú. Það er ekki vinsælt að nefna nafnið hans í opinberri umræðu. Það hefur verið þöggun í gangi varðandi guð kristinna manna,“ sagði biskup.

Vel kann að vera að nafni guðs sé ekki hampað daglega í opinberri umræðu hér á landi líkt og Agnes segir. En merkir það að íslenska þjóðin sé guðlaus? Vitanlega ekki.

Þjóðkirkjan er langstærsta trúfélagið hérlandis og alla jafna langmest áberandi slíkra félaga. Því miður er það þó yfirleitt ekki sakir vel heppnaðrar útbreiðslu fagnaðarerindisins heldur fremur vegna væringa, illinda og jafnvel hreinna ofbeldisverka innan kirkjunnar vébanda. Mikil er ábyrgð þjóðkirkjumanna í þessum efnum.

Þjóðkirkjan er einfaldlega slæmur sendiherra og glötuð auglýsing fyrir þann guð kristinna manna sem biskup segir vera fórnarlamb þöggunar á Íslandi. Mikill er máttur Íslendinga ef það er rétt.

Biskup hélt ræðu sinni áfram og hjó í kunnuglegan knérunn sem sumir innan þjóðkirkjunnar leyfa sér því miður oft að beita.

„Spurt var hvort samhengi væri á milli vanlíðunar ungs fólks og þess að ekki mætti lengur fræða börnin um kristna trú í skólum landsins,“ vitnaði biskup til umræðu á fundi einum. Þannig reynir biskup að varpa ábyrgðinni á því sem hún virðist telja sambandsleysi æsku landsins við guð kristinna manna á hið veraldlega skólakerfi – þar sem reyndar er í boði fræðsla um ýmis trúarbrögð eins og vera ber.


„Við sem treystum þeim guði sem Jesús birti og bodaði vitum að í öllum aðstæðum lífsins er svar að finna í orði guðs,“ sagði Agnes í sjónvarpinu. Mikil er ábyrgð skóla landsins sem neita börnum um náð guðs.

Að dæma eftir milljarða króna umsvifum þjóðkirkjunnar, sem byggir á framlögum ríkisins og einnig meðlima félagsins í gegn um innheimtukerfi ríkissjóðs, sýnist litlu af því fé öllu vera varið til að efla andlegt líf þeirra barna sem biskup virðist láta sér annst um.

Er hugsanlegt að það sé ekki raunveruleg sálarheill barnanna sem áhyggjurnar beinast að? Þær snúast kannski fremur um milljarða á milljarða ofan sem kirkjunnar þjónar reikna með í sinn vasa frá sóknarbörnum og skattgreiðendum framtíðarinnar? ■

Þjóðkirkjan er einfaldlega slæmur sendiherra og glötuð auglýsing fyrir þann guð kristinna manna sem biskup segir vera fórnarlamb þöggunar á Íslandi.

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Strandtásumerki

Samkvæmt frétt á Vísi eru átta og jafnvel níu þúsund Íslendingar á Tenerife þessi jólin sem er ótrúlegt. Nánast lygilegt. Tenerifeheppur er þar með níunda fjölmennasta sveitarfélag landsins samkvæmt íbúatölum Hagstofunnar. Hreppurinn góði er þá aðeins minni en Árborg en töluvert mannfleiri en Akraneskaupstaður. Og eins og íslensk sveitarfélög þarf Tenerifeheppur sitt íslenska merki – sem er frekar auðvelt val. Það verður að sjálf-sögðu merki strandtásunnar. Og Anna Kristjánsdóttir vélstýra getur formlega tekið við sem bæjarstjóri þessarar íslensku nýlendu enda þekkir hún hvern krók og kima í hreppnum eftir langa búsetu.

Visnað samfélag

Með vinsældum Tenerife hefur íslenska samfélagið á hinum eyjunum á Kanarí visnað. Spurning hvort verkefnið Brothættar byggðir ætti hreinlega við enda hafa landsmenn greitt mikið útsvar þar á bæ undanfarin ár. Hvað er til dæmis að fréttu af Klörubær? Er hann bara ekki lengur til? Barinn var alltaf í fréttum fyrir áratug eða svo þar sem Íslendingar með bóndabrunku borðuðu jafnvel skötu eða opnuðu páskaegg frá Góu. Það er reyndar merkileg íslensk hefð. Að fara til útlanda til að vera með öðrum Íslendingum og halda í mjög skrýtnar hefðir frá eyjunni fögru í norðri. ■

Réttindi barnungra mæðra



Jódís Skúladóttir þingmaður VG

Samkvæmt barnaverndarlögum erum við börn til 18 ára aldurs og eiga börn rétt á vernd og umönnun og skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára og eignast börn eru því ennþá sjálfar börn samkvæmt skilgreiningu. Þungun barnungrar stúlku hefur langvarandi afleiðingar á líf hennar, jafnt heilsufarslega, félagslega og fjárhagslega.

Áfallinu sem ég varð fyrir þegar ég varð ólétt, nýorðin 14 ára, er ekki hægt lýsa með orðum. Ótti, afneitun, einmanaleiki og ráðaleysi er blanda tilfinninga sem nær þó ekki utan um tilfinningalegt ástand mitt á þeim tíma. Þegar árin líða og ég horfi til baka til þessa erfiða tíma situr mjög í mér hversu mikið ráðaleysi og óöryggi var bæði í heilbrigðiskerfinu og hinu félagslega kerfi þegar þessar aðstæður komu upp og ekki síst hversu lítið vald ég hafði yfir eigin lífi og ákvörðunum er vörðuð mig og barnið. Þó allnokkur ár séu síðan frumburður minn fæddist þá hefur því miður lítið breyst þegar kemur að réttindum barnungra mæðra og skortur er á stuðningi og sérstakri umönnun.

Á Norðurlöndunum eru barnungar mæður í sérstöku eftirliti enda sýna rannsóknir að aukin áhætta er bæði á meðgöngu, við fæðingu og ekki síst í kjölfar fæðingar og því rík þörf á sérstakri umönnun og stuðningi við þessar aðstæður.

Ég hef lagt fram tvær fyrirspurnir á Alþingi er varða stöðu ungra mæðra, aðra til heilbrigðisráðherra er varðar sérhæfðan stuðning og hina til félags- og vinnumarkaðsráðherra er varðar félagslegan og fjárhagslegan stuðning til mæðra undir 18 ára. Þó að þungunum ungra stúlka hafi sem betur fer fækkað hérlandis á undanförunum árum er mikilvægt að hér sé kerfi sem gripur stúlku þegar þessar aðstæður koma upp og það er á ábyrgð samfélagsins að þær njóti verndar og umönnunar í samræmi við aldur sinn og stöðu. ■

Þungun barnungrar stúlku hefur langvarandi afleiðingar á líf hennar, jafnt heilsufarslega, félagslega og fjárhagslega.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 28. DESEMBER 2022

16. árgangur

FYLGIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Salan á Tempo best heppnuð

2 Stjórnendur Origo þóttu sýna klókindi við söluna á hugbúnaðarfyrirtækinu Tempo á árinu. Viðskiptin skiluðu gríðarlegum verðamætum fyrir hluthafa.

Hélt hárrétt á spöðunum

4 Orri Hauksson leiddi til lykta söluna á Mílu til franska fjárfestingasjóðsins Ardian á árinu. Fyrir það valdi dómnefnd Markaðarins Orra viðskiptamann ársins.

Útboð sem olli vonbrigðum

6 Skráning fjarskiptafélagsins Nova á hlutabréfmarkað voru valin verstu viðskipti ársins. Þrýðileg viðskipti fyrir seljendur en mikil vonbrigði fyrir kaupendur að mati dómnefndar.

Vongóð eftir krefjandi ár

8 Stríðið í Úkraínu setti sterkan svip á árið hjá stjórnendum íslenskra fyrirtækja. Eftir krefjandi tíma ríkir þó mikil bjartsýni í atvinnulífinu.

Tilheyrir engri klíku

20 Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist ekki skulda neina greiða í starfi. Hann lítur á það sem sinn helsta styrk að tilheyra engri sérstakri valdablokk.

Viðskiptamaður ársins



Orri Hauksson, forstjóri Símans, þótti sýna fádæma seiglu þegar hann leiddi til lykta risasölu á innviðafyrirtækinu Mílu á árinu. Allt leit út fyrir að viðskiptin væru að renna út í sandinn vegna strangra skilyrða Samkeppniseftirlitsins. ► 12

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

2. sæti

Aðdáunarverð
þrautseigja

Þótt tilkynnt hafi verið um sölu Símans á Mílu til franska fjárfestingasjóðsins Ardian á síðasta ári þá varð ekki ljóst fyrir vel var liðið á þetta ár að Samkeppniseftirlitið myndi endanlega leggja blessun sína yfir viðskiptin.

Í millitíðinni þurftu samningsaðilar að setjast niður í tvígang og semja upp á nýtt. Þótt kaupverðið hafi lækkað frá því sem samið var um í fyrsta samningi er salan á innviðafyrirtækinu Mílu söguleg viðskipti. Fyrir eljuna, sem þurfti til að klára viðskiptin á árinu, valdi dómnefnd Markaðarins Orra Hauksson, forstjóra Símans, viðskiptamann ársins. Þegar öll sund virtust lokuð og útlit fyrir að viðskiptunum yrði endanlega rift, stigu stjórnendur Símans fram, með Orra í fararbroddi, og sigldu fleyinu í höfn.



Orri Hauksson,
forstjóri Símans

Að mati dómnefndar er fullt tilfeni til að taka ofan fyrir forsvarsfólki Símans vegna sölunnar á Mílu á þessu ári líkt og því síðasta. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars: „Þótt endanlegt kaupverð hafi reynst lægra en samið var um í upphafi leikur enginn vafi á því að salan á Mílu eru tímamótaviðskipti. Eftir stendur Síminn með 46 milljarða í kassanum, sem er mun hærrí fjárhæð en nokkur hefði getað gert sér í hugarlund fyrir fáeinum árum. Aukinheldur eru viðskiptin gríðarlega góð tíðindi fyrir önnur íslensk fyrirtæki á fjarskiptamarkaði.“



Þótt endanlegt kaupverð hafi reynst lægra en samið var um í upphafi leikur enginn vafi á því að salan á Mílu eru tímamótaviðskipti.

1. sæti



Fyrir utan fjárhagslegan ávinning nefndi dómnefnd hve mikil viðurkenning salan væri fyrir íslenskan hugverkaiðnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gjöful viðskipti
fyrir hluthafa Origo

Dómnefnd Markaðarins valdi sölu Origo á Tempo sem viðskipti ársins 2022. Þeir sem sátu í dómnefndinni nefndu hve klókt það hefði verið að halda eftir hlut í fyrirtækinu á sínum tíma. Það hefði skilað sér í mikilli verðmætaaukningu fyrir hluthafa.

ggunnars@frettabladid.is

Sala Origo á 40 prósentu hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Tempo til fjárfestingasjóðsins Diversis Capital fyrir 28 milljarða er, að mati dómnefndar Markaðarins, þau viðskipti sem stóðu upp úr á árinu sem er að liða. Hreinn hagnaður af sölunni nam ríflega 22 milljörðum.

Tempo býr til hugbúnað sem hjálpar fyrirtækjum við tíma-stjórnun, áætlanagerð og kostnaðarstjórnun. Tempo var upphaflega þróað sem lausn við innanbúðarvandamáli hjá Nýherja, sem nú heitir Origo, í kringum fjármálahrúnið en árið 2015 var stofnað sérstakt félag utan um rekstur Tempo.

Þegar tilkynnt var um viðskiptin í október síðastliðnum sagði Jón Björnsson, forstjóri Origo, að uppgangur Tempo væri skýrt dæmi um það hvernig frábært starfsfólk, íslenskt hugvit og stuðningur eigenda geti búið til mikil heilmikil verðmæti. Það væri jafnframt von Origo að fleiri hugbúnaðarvörur



Félagið er að uppskera eins og til var sáð og niðurstaðan er ein stærsta sala allra tíma á íslensku hugviti.



Jón Björnsson,
forstjóri Origo

gætu átt jafn farsælan feril og Tempo í framtíðinni.

Dómnefnd Markaðarins var á einu máli um ágæti sölunnar og framgöngu stjórnenda Origo í tengslum við málið.

„Einstaklega gjöful viðskipti fyrir hluthafa Origo, sem fengu vænan skerf af sölunni inn á vörslureikninga sína í byrjun desember,“ segir meðal annars í rökstuðningi dómnefndar.

Fyrir utan fjárhagslegan ávinning nefndu meðlimir dómnefndar hve mikil viðurkenning salan væri fyrir íslenskan hugverkaiðnað. „Þessi viðskipti munu án efa laða erlenda fjárfesta að þessum öflugum iðnaði. Sala af þessari stærðargráðu ryður brautina og kveikir áhuga. Það er gríðarlega mikilvægt og verðskuldað.“

Aukinheldur er Origo talið það til tekna að hafa klárað sölu sína við erfðar aðstæður.

3 sæti

Síldarvinnslan
styrkir stöðu sína

Um mitt sumar var tilkynnt að Síldarvinnslan hefði náð samkomulagi um kaup á öllu hlutafé útgerðarfélagsins Vísir í Grindavík en Vísir er rötgróið fyrirtæki sem rekur bæði saltfiskvinnslu og frystihús í Grindavík auk þess að gera út sex fiskiskip.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar kom fram að viðskiptin hefðu hljóðað upp á 31 milljarð króna. Kaupverð hlutafjár var um 20 milljarðar en vaxtaberandi skuldir Vísir um 11 milljarðar. Með viðskiptunum skipuðu seljendur Vísir sér í hóp kjölfestufjórfa í Síldarvinnslunni.

Dómnefnd Markaðarins valdi kaup Síldarvinnslunnar á Vísir þriðju bestu viðskipti ársins.

Viðskiptin sættu nokkurri gagnrýni fyrstu vikunnar eftir að gengið var frá samningum. En eftir að Samkeppniseftirlitið lagði blessun sína yfir gjörninginn hafa þær raddir þagnað að mestu.



Gunnþór
Ingvason,
framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar

„Það leikur enginn vafi á að þessi viðskipti eiga eftir að styrkja bæði félög til lengri tíma lítið. Vísir verður rekið sem dótturfélag og mun starfsemin í Grindavík verða enn öflugri en hingað til. Aðkoma jafn öflugur félags og Síldarvinnslunnar mun ýta undir samkeppnishæfni og sjálfbærni Vísir.“

Að mati dómnefndar bendir ekkert til annars en að tilgangur Síldarvinnslunnar með kaupunum sé að hámarka verðmæti afurða. Nú sem endranær.

„Starfsemin í Grindavík mun styrkja samsteypuna enn frekar í þeirri vinnu,“ segir í mati dómnefndar. ■



Þessi viðskipti eiga eftir að styrkja bæði félög til lengri tíma lítið.

Önnur viðskipti sem voru tilnefnd



Helgi Hermannsson, stofnandi Sling.

Salan á Sling til Toast

„Að fara á sjö árum úr því að labba á milli mögulegra viðskiptavina í Bandaríkjunum með PowerPoint-skjal í að selja fyrirtæki á átta komma sex milljarða er afrek sem vert er að veita athygli. Það fór ekki mikið fyrir Helga Hermannssyni og félögum hjá Sling framman af en þau eiga heiðurninn af öskubuskuævintýri ársins í íslensku viðskiptalífi.“



Spjótin stóðu á fulltrúum Bankasýslu ríkisins á árinu.

Íslandsbankasalan

„Önnur viðskipti sem komast á blað er útboð Íslandsbanka sem var vel heppnað. Ljóst er að tímasetningin var góð fyrir ríkið sem seljanda, sem heldur enn eftir verulegum hlut í félaginu. Þótt framkvæmdin á sölunni hafi valdið deilum og verið umdeild þá leikur enginn vafi á að verðið sem fékkst fyrir 22,5 prósentu hlut ríkisins var mjög gott.“



Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar.

Kaup Hampiðjunnar á Morenot

„Félagið hefur verið að gera frábæra hluti í yfirtökum sem hafa styrkt arðsemi félagsins. Þar stóðu kaupin á Voninni í Færeyjum upp úr. Kaupin á Morenot marka önnur skil í vexti félagsins. Kemur ekki á óvart að bréfin hafi hækkað um 20 prósent daginn eftir tilkynningu og líkt og með Vonina fela þessi kaup í sér umtalsverð tækifæri til samlegðar.“



Gunnþór Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar.

Viðskipti Síldarvinnslunnar

„Viðburðaríkt ár hjá Síldarvinnslunni og nokkuð ljóst að það er mikill hugur í eigendum og stjórnendum fyrirtækisins á krefjandi tímum. Margur hefði haldið að kaupin á útgerðarfélaginu Vísir frá Grindavík væri nægilega stór biti á einu ári en Síldarvinnslan lét ekki þar við sitja og keypti líka stóran hlut í fiskeldisfyrirtækinu Arctic Fish.“





Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.

Carbfix á siglingu

„Uppgangur Carbfix er aðáunarverður. Fyrirtækið er að skipa sér í raðir brautryðjenda í kolefnisförgun andspænis loftslagsvandnum. Tæknin sem Carbfix hefur þróað skilaði meðal annars styrk upp á 16 milljarða frá nýsköpunarsjóði Evrópusambandsins á árinu og fyrirtækið heldur áfram að vaxa og dafna í spennandi geira umhverfisvænna lausna.“

Samtök atvinnulífsins

óska landsmönnum öllum gleðilegrar jólahátíðar og gæfuríks nýs árs



Litríkt og blómlegt atvinnulíf skiptir okkur öll máli

Á liðnu ári sögðum við sögur af alls konar fólki í rekstri og þeim ótal viðfangsefnum sem það fæst við í daglegu amstri. Íslensk fyrirtæki eru jafn ólík og þau eru mörg, áskoranirnar mismunandi og enginn vinnudagur eins. Kynntu þér sögurnar á fyrirtækinokkar.is

Aðild að SA

Samtök atvinnulífsins veita félagsmönnum ýmsa beina þjónustu, einkum á sviði vinnumarkaðs- og kjaramála auk rekstrar. Aðildarsamtök Samtaka atvinnulífsins veita fyrirtækjum sérhæfða þjónustu sem er sniðin að hagsmunum ólíkra atvinnugreina og fyrirtækja. Aðild að samtökunum veitir félagsmönnum jafnframt tækifæri til þátttöku í margvíslegu málefnavarfi.



 **samtök
atvinnulífsins**

2. sæti



Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Sildarvinnslunnar.

Útsjónarsamur stjórnandi

ggunnars@frettabladid.is

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Sildarvinnslunnar, náði eftirtektaarverðum árangri í íslensku viðskiptalífi á árinu. Hann hafnaði í öðru sæti í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptamanni ársins.

„Eftir afar farsæla skráningu í Kauphöll Íslands á síðasta ári hefur Gunnþór staðið í stórræðum. Kaup Sildarvinnslunnar á útgerðarfyrirtæki Vísis í Grindavík eru risastór og söguleg. Samkeppniseftirlitið hefur nú heimilað 31 milljarðs króna viðskiptin og Vísir er orðinn hluti af samstæðu Sildarvinnslunnar. Eftir stendur gríðarlega sterkt félag, stýrt af öflugum forstjóra,“ segir í rökstuðningi eins af álitsgjöfum Markaðarins.



Kaup Sildarvinnslunnar á útgerðarfyrirtækinu Vísí í Grindavík eru risastór og söguleg.

Gunnþór og Sildarvinnslan bættu svo um betur með kaupum á liðlega 34 prósentu hlut í laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish fyrir tæplaga 14 milljarða. Hluthafar Sildarvinnslunnar geta vel við unað með ávöxtun hlutabréfa, ólíkt mörgum í kauphöllinni í dag. Félagið hefur enda hækkað einna mest allra skráðra fyrirtækja á árinu.

Það er jafnframt samdóma álit dómnefndar að Gunnþór hafi sýnt, svo ekki verður um villst, að hann hafi yfirburðabekkingu á íslenskum sjávarútvegi og sé afar útsjónarsamur. ■

1. sæti



Orri Hauksson, forstjóri Simans og viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins, ásamt Guðmundi Gunnarssyni, fréttastjóra Markaðarins.

Hélt hárrétt á spöðunum við krefjandi aðstæður

Samkvæmt dómnefnd Markaðarins, sem er skipuð forstjórnum og sérfræðingum úr viðskiptalífinu, sýndi Orri Hauksson, viðskiptamaður ársins, fádæma seiglu þegar á móti blés og allt leit út fyrir að risasala á innviðafyrirtækinu Mílu væri að renna út í sandinn.

ggunnars@frettabladid.is

Viðskiptamaður ársins árið 2022 er Orri Hauksson, forstjóri Simans, fyrir að hafa klárað söluna á Mílu til franska fjárfestingasjóðsins Ardian.

Samkeppniseftirlitið gerði talsverða fyrirvara við söluna sem gerði það að verkum að um tíma leit út fyrir að viðskiptin væru að ganga til baka.

„Afrek að ná svo góðum samningi og þrautseigja að koma sölunni í gegnum kerfið og leiða hana til lykta þrátt fyrir þunglamaleg og tímafrek afskipti Samkeppnis-

eftirlitsins. Allt ferlið tók óeðlilega langan tíma. Orri leiddi starf þess hóps sem vann að málinu á vegum Simans með miklum myndarbrag, sem sýnir hversu öflugur stjórnandi hann er,“ segir í rökstuðningi dómnefndar Markaðarins.

Heildarandvirði sölunnar á Mílu til Ardian var 69,5 milljarðar þegar upp var staðið og samþykki Samkeppniseftirlitsins lá fyrir. Það var 3,5 milljörðum lægri upphæð en kveðið var á um í upphaflegum sölusamningi.

Orri hefur setið í forstjóra-stólnum hjá Símanum samfleytt í níu ár en á þeim tíma hefur fyrirtækið gengið í gegnum talsverðar breytingar. Skerpt hefur verið á þjónustuhlutverki fyrirtækisins og verkefnum fækkað.

Einn af þeim sem skipa dómnefnd Markaðarins segir mikið hafa mætt á stjórnendum Símans á árinu. „Orri stóð þá vakt með stakri þryði. Hélt hárrétt á spöðunum og náði góðum samningum fyrir hlut-

hafa Símans með tímamótasölu á dótturfyrirtækinu Mílu við afar krefjandi aðstæður.“

Margir sem sátu í dómnefnd Markaðarins nefndu þrautseigju Orra á þessum krefjandi tímum. Hún hafi umfram annað ríðið baggamuninn þegar öll sund virtust lokuð og franski kaupandinn farinn að ókyrrast.

„Við svipaðar aðstæður hefðu margir eflaust játað sig sigraða. Sérstaklega í ljósi þess óróa sem var farið að gera vart við sig á mörkuðum um svipað leyti.“

Sjálfur segist Orri líta stoltur til baka þegar árið er gert upp. Hann segir allt starfsfólk og stjórn Símans deila viðurkenningu dómnefndar Markaðarins með honum. „Þau stóðu sig öll eins og hetjur á krefjandi tímum. Hópurinn stóð þétt saman og landaði samningum á elleftu stundu. Við snúnar aðstæður,“ segir Orri Hauksson, viðskiptamaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins. ■

3 sæti



Helgi Hermannsson, stofnandi Sling.

Aðdáunarverður árangur og sala

ggunnars@frettabladid.is

Helgi Hermannsson seldi nýsköpunarfyrirtækið Sling til bandaríska tæknifyrirtækisins Toast fyrir 8,6 milljarða á árinu. Hann hafnaði í þriðja sæti í vali dómnefndar Markaðarins á viðskiptamanni ársins.

Helgi stofnaði Sling fyrir rúmum sjö árum og er það samdóma álit dómnefndar að hann hafi átt öskubuskuævintýri ársins í íslensku viðskiptalífi.

Hugmynd að baki Sling er hugbúnaður fyrir vinnustaði þar sem unnið er á vöktum.



Ótrúlega flott uppbygging og enn flottari sala.

„Ótrúlega flott uppbygging og enn flottari sala. Að fara á sjö árum úr því að labba á milli mögulegra viðskiptavina í Bandaríkjunum með PowerPoint-skjal yfir í að selja fyrirtækið á yfir 8 milljarða er ekkert minna en afrek.“

Toast tilkynnti um kaupin á sumarmánuðum og bætti þar með Sling við lausnir fyrirtækisins á sviði launavinnslu og teymisstjórnunar. Toast-hugbúnaður er nýttur af veitingastöðum um allan heim.

Helgi er langstærsti hluthafinn í Sling og stofnandi. Samkvæmt honum eru spennandi tímar fram undan eftir þetta risastóra skref á árinu. Ævintýrið sé rétt að byrja.

Dómnefnd Markaðarins telur nær öruggt að meira eigi eftir að heyrast af sigum Helga Hermannssonar og Sling á næstu árum. ■

Þau sem einnig voru tilnefnd



Gerður Huld Arinbjarnardóttir eigandi Blush

„Gerður hefur margfaldað rekstrartekjur Blush og vakið verðskuldaða athygli fyrir snilldarlega útfærða markaðssetningu. Magnaður frumkvöðull sem hikar ekki við að fara ótroðnar slóðir.“



Ásta Fjeldsted forstjóri Festi

„Ásta er ferskur andblær í hópi stjórnenda íslenskra fyrirtækja. Övunjuleg, kraftmikil og jákvæð. Lægði öldur innan Festi eftir öngu í kringum brotthvarf fyrrverandi forstjóra.“



Guðmundur F. Sigurjónsson stofnandi og forstjóri Kerecis

„Guðmundur stýrir spennandi fyrirtæki á alþjóðamarkaði. Kerecis fékk mikla viðurkenningu á árinu þegar erlendir fagfjórðingar komu inn í félagið og Kerecis vex jafnt og þétt.“



Gísli Herjólfsson stofnandi Controlant

„Gísli heldur áfram að byggja á góðum grunni og treysta rekstur á einu arðbærasta félagi landsins. Ekki sjálfgefið að halda svo vel á spöðunum eftir ævintýralegan vöxt síðustu ára.“

Dómnefnd

Markaðurinn leitaði til forstjóra og stjórnenda fyrirtækja, auk sérfræðinga á sviði sjóðs- og eignastýringar, við val á einstaklingum og viðskiptum sem þóttu skara fram úr á árinu í íslensku viðskiptalífi. Alls bárust svör frá 54 álitsgjöfum og skipar sá hópur dómnefnd Markaðarins fyrir árið 2022. ■

54

Stjórnendur og sérfræðingar úr viðskiptalífinu.

Við minnum á að nýta skattalegt hagræði vegna ársins sem er að líða.

Við eigum á lager, úrval dekkja
fyrir sendibíla, fjórhjól og
önnur atvinnutæki

Toyo AT3



Toyo MT



TOYO TIRES
driven to perform

Gott úrval af
Toyo jeppadekkjum
á lager.

Bighorn M917



Fjórhjóladekk

Bighorn M918



Fjórhjóladekk

MAXXIS®
DEKK

Ný sending af Maxxis
fjórhjóladekkjum var
að detta í hús!

RSD1



Vörubíladekk

RSD3



Vörubíladekk

DOUBLECOIN

Eigum Doublecoin
vörubíladekk á
á góðu verði.



Við óskum þér og þínum farsældar
og öryggis á komandi ári.



Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova, hringdi Nova inn í íslensku kauphöllina á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bjart fram undan þrátt fyrir mislukkað útboð

Framkvæmd við skráningu fjarskiptafélagsins Nova á hlutabréfamarkað var valin verstu viðskipti ársins 2022. Þrýðileg viðskipti fyrir seljendur en mikil vonbrigði fyrir kaupendur og hluthafa að mati dómnefndar.

ggunnars@frettabladid.is

Verstu viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins, tengdust hlutafjárútboði fjarskiptafyrirtækisins Nova. Nokkuð stórt almennt útboð sem endaði í stóru tapi fyrir almenna fjárfesta. Þótt

útboðið hafi vissulega verið góð viðskipti fyrir seljendur færir dómnefnd þau rök fyrir niðurstöðu sinni að heildarniðurstaðan hafi verið mikil vonbrigði.

„Sú staðreynd að gengi félagsins sé ekki hærra en raun ber vitni segir sína sögu. Fjárfestar höfðu áður keypt hlut í félaginu í aðdraganda útboðs en það hljóta að teljast mikil vonbrigði að ekki hafi náðst að klára útboðið á herra gengi. Það er yfirleitt forsenda fyrir farsælu gengi bréfanna fram á veginn,“ segir í rökstuðningi álitsgjafa Markaðarins.

Dómnefnd nefnir sérstaklega að

”

Félagið hefur ekki staðið undir verðmatinu þótt það sé í raun dæmigert arðgreiðslufélag.

fagfjárfestar hafi settið hjá í útboðinu, meðal annars vegna stöðunnar á verðbréfamörkuðum. Á sama tíma hafi verið ákveðið að stækka útboðið.

„Félagið hefur ekki staðið undir verðmatinu þótt það sé í raun dæmigert arðgreiðslufélag. Þar af leiðandi hefði átt að vera frekar einfalt að verðleggja það.“

Einn af álitsgjöfum Markaðarins telur engan vafa leika á að verðþróun á eftirmarkaði hafi verið talsvert mikið undir væntingum. „Því miður verður að teljast líklegt að viðbrögð almennings verði dræm í næstu skráningum. Seljendum

tókst ekki að fá stærri fjárfesta til að taka þátt í útboðinu og skammtímasjónarmið um verð voru látin ráða för.“

Að því sögðu telur dómnefnd slæmt hlutfjárútboð Nova lítið annað en tímabundið hik. Félagið sé áfram álitlegt og stjórndur öflugur.

„Nova mun án efa ná sér á strik í kauphöllinni þrátt fyrir bras á byrjunarstigi. Rekstur þess og áætlanir gefa það sterkt til kynna. Félagið mun vaxa út úr þessu og Nova stendur áfram á sterkum grunni,“ segir í einu álitum dómnefndar Markaðarins. ■

Mikilvægri bankasölu klúðrað

ggunnars@frettabladid.is

Fyrir utan hlutafjárútboð Nova voru álitsgjafar Markaðarins á því að sala ríkissjóðs á 22,5 prósent hlut í Íslandsbanka hefðu verið klúður ársins í viðskiptalífnum. Það verður að teljast nokkuð merkilegt þar sem sömu viðskipti rötudu einnig á topplista dómnefndar yfir bestu viðskipti ársins.

Einn meðlima dómnefndar segir að þótt gott verð hafi vissulega fengið fyrir bréfin, sé það um það bil það einn jákvæða við sölna.

„Fjárhagsleg niðurstaða fyrir ríkið var fin en mjög illa staðið að ferlinu í heild sinni, þá sérstaklega upplýsingagjöf. Öreiðan var alger og einstaka þættir söluferlisins enn í rannsókn, til dæmis hjá fjármálaeftirliti Seðlabankans. Einstaklega slæm viðskipti þar sem þau rýra traust á bæði stjórnkerfinu og fjármálakerfinu.“

Í sama streng taka aðrir álitsgjafar. Heildarbragur framkvæmdarinnar við sölna hafi valdið miklum skaða, algerlega að ósekju.

„Vinnubrögð við sölna á hlut Íslandsbanka í lokuðu ferli voru



Eftir var til mótmæla á Austurvelli vegna þess hve illa var haldið á sölnunni á Íslandsbanka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

engan veginn boðleg og í raun til skammar. Bæði fyrir ríkisvaldið og þá sem um þræðina héldu. Niðurstaðan er að nú ríkir óvissa um frekari sölu á hlut ríkisins í bankanum.

Svo klúðurslega var haldið á þessum málum. Einstaklega óheppilegt mál allt saman,“ segir meðal annars í rökstuðningi dómnefndar Markaðarins. ■

Önnur viðskipti sem oftast voru nefnd

Arion brennir peningum

„Arion banki hefði betur tekið þá ákvörðun að afskrifa United Silicon fyrir löngu síðan í stað þess að brenna peningum allt árið við að reyna að koma kísilverinu aftur á koppinn.“

Vanhugsað upphlaup

„Uppgjörshótun í málefnum ÍL-Sjóðs eru ekki beint viðskipti en verðskulda að minnst sé á gjörninginn. Dæmið sett upp einhliða út frá hlið ríkisins án þess að tekið sé inn í umræðuna áhrif á lífeyrissjóðina,

tryggingafræðilegt tap og lögfræðileg álitaefni. Olli verulegru lækkun á verði skuldabréfa sjóðsins á tímabili þar sem markaðurinn þurfti ekki frekari óvissu. Öllum er ljóst að það þarf að bregðast við málefnum sjóðsins en þetta upphlaup fjármálaráðherra var vanhugsað.“

Íslendingar litlir í sér

„Íslendingar eiga það til að verða heldur litlir í sér frammi fyrir erlendum fjárfestum og láta þá snúa á sig. Stóri FTSE-dagurinn var gott dæmi um það.“

FTSE





Komið í örugga höfn

Við kveðjum árið sem er að líða þakklát fyrir góðan meðbyr og stolt af starfsfólki okkar sem hefur lagst á árnar svo um munar og vaxið fiskur um hrygg.

Við tökum á móti nýju ári fær í flestan sjó og sendum okkar bestu óskir um fengsæld á komandi ári.

islenskanerhafsjaor.brim.is





Vongóð eftir krefjandi ár

Markaðurinn leitaði til nokkurra stjórnenda í atvinnulífinu til að gera upp árið 2022. Innrásin í Úkraínu hafði mikil áhrif á árið hjá flestum viðmælendum en mikil bjarstýni ríkir fyrir komandi ári.

benediktarnar@frettabladid.is

Verkefnið mörg og fjölbreytt



Ég geri ráð fyrir að við munum áfram vaxa töluvert.



Edda Sif Pind Aradóttir, forstjóri Carbfix, segir að stofnun hlutafélags um reksturinn hafi verið þýðingarmikil fyrir rekstur félagsins.

Hvað gekk vel á árinu 2022?

Það sem stendur upp úr á árinu hlýtur að vera 16 milljarða styrkur Nýsköpunarsjóðs Evrópu til Coda Terminal-verkefnis okkar í Straumsvík. Við höfum líka framkvæmdir við mikilvægar tilraunir með að blanda CO2 í sjó í stað ferskvatns, og við tókum í fyrsta sinn við CO2 erlendis frá til förgunar á Íslandi. Aðferðafræði okkar til kolefnisbindingar var fullgilt og sannreynd af óháðu vottunarfyrirtæki, og ýmis ný og spennandi samstarfsverkefni komust á skrið. Teymið okkar stækkaði mikið, við riflega tvöfölduðum fjölda starfsfólks, enda eru verkefni bæði mörg og fjölbreytt. Þá var samþykkt að stofnað yrði hlutafélag um reksturinn, sem var þýðingarmikið fyrir vaxtar-möguleika okkar.

Hvað var krefjandi á árinu sem er að liða?

Við erum að stækka hratt, bæði hvað varðar verkefnastöðu og starfsfólk, og það var krefjandi að halda vel utan um þann vöxt. Þá var að sjálfsögðu margt krefjandi í undirbúningi hvað varðar þróun tækninnar, einstakra verkefna og viðskiptaáforma félagsins. Það er partur af því að gera nýja hluti og hefur fylgt okkar þróunarstarfi alveg frá upphafi, en vöxturinn var meiri á árinu en hann hefur verið áður.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Ég geri ráð fyrir að við munum áfram vaxa töluvert eftir því sem þróunarverkefni okkar komast lengra á leið og ný bætast við. Það eru allmargir stórir áfangar sem við stefnum á að ná á árinu og það verður krefjandi. Við viljum vinna eins hratt og við getum því tíminn vinnur ekki með okkur í loftslagsmálum.

Viðburðaríkt ár hjá Origo



Við nýtum betri tækni til að bæta líf viðskiptavina okkar.



Jón Björnsson, forstjóri Origo, er bjartsýnn fyrir árið 2023.

Hvað gekk vel á árinu 2022?

Árið var líklega eitt hið viðburðaríkasta í sögu Origo. Auðvitað stendur salan á Tempo upp úr og má líkja við góðan endasprett í langri vegferð. Vegferðin sem félagið lagði upp í 2018 gekk eftir og rúmlega það. Í innlendum rekstri voru líka margir þættir sem hægt er að gleðjast yfir. Félagið festi sér nýja stefnu í ársbyrjun eftir að hafa unnið í henni um nokkurra mánaða skeið með starfsfólki.

Innan Origo eru rúmlega 20

teymi sem á hverjum degi hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að reka sín fyrirtæki betur. Þessir teymi eru oft ólík, með mismunandi tekjuleiðir, ólíka viðskiptavini, mismunandi nálægð við viðskiptavini og jafnvel með ólíka mælikvarða til að mæla árangur sinn. Það sem sameinar þó öll þessi teymi er að við nýtum betri tækni til að bæta líf viðskiptavina okkar með því að hafa traust þeirra og vera stöðugt að breyta leikum fyrir þau með þróun á nýrri tækni. Þannig vinnum við með svipaðar grunnáherslur þó að hvert teymi vinni eins sjálfstætt og mögulegt er til að

tryggja styttri boðleiðir, hraðari nýsköpun og aukið umboð fólksins sem býr til tekjur félagsins. Þessi stefna hefur gefist vel og við sjáum að við getum vel vaxið á mismunandi stöðum og að nýrri áherslur okkar á að þróast hraðar í hugbúnaði þurfa ekki að vera á kostnað eldri tekjustofna. Margt er líkt í aðferðafræðinni og á endanum snýst þetta um að tala við viðskiptavininn og leysa málin saman.

Hvað var krefjandi á árinu?

Fyrirtækjarekstur er í eðli sínu alltaf krefjandi. Öðruvísi næst enginn árangur. Umhverfið var stormasamt á köflum og eftir heimsfaraldur kom stríð og aðfangakeðjur heimsins titruðu með tilheyrandi áhrifum á viðskiptavini okkar. Samhliða eru alltaf að koma fram nýjar áskoranir í hinum stafræna heimi sem krefjast aukinnar þekkingar. Þessa þekkingu er ekki sjálfsagt að geta alltaf sótt í litlu landi og því höfum við í auknum mæli þurft að leita út fyrir landsteinana. Slíkt er krefjandi til skemmri tíma.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Við erum vel undirbúin og þess vegna bjartsýn. Við erum með nokkuð skýra stefnu og góð markmið sem við teljum okkur vera að nálgast. Það er alltaf óvissa um hversu hratt það er hægt en lykillinn er að halda áfram og vera undirbúin undir hraðar aðlaganir og breytingar ef þörf er á.





Takk fyrir samstarfið á árinu!

Fyrirtækjaráðgjöf og Verðbréfamiðlun Íslandsbanka þakka viðskiptavinum sínum árangursríkt samstarf á liðnu ári

Meðal verkefna á árinu:



Umsjón með sölu á innviðafélaginu Mílu fyrir hönd Símans

Sala og útgáfa á skuldabréfum og lánsfjármögnun

70 milljarðar króna



Umsjón með sölu á fasteignasafni



Sala og útgáfa á grænum skuldabréfum

Kaup á fasteignum í miðbæ Reykjavíkur



Sala og útgáfa á skuldabréfum



Sala og útgáfa á skuldabréfum



Umsjón með sölu lóða fyrir atvinnu- og íbúðahúsnæði í Vetrarmýri



Sala og útgáfa á skuldabréfum



Sala og útgáfa á grænum og bláum skuldabréfum



Umsjón með sölu á Mjöll Frigg



»

Einstakt afrek að koma atvinnulífinu af stað

“

Friður í heiminum er grundvöllur gæfuríkrar framtíðar.



Sigriður Hrund Pétursdóttir, eigandi Vinnupalla ehf. og formaður Félags kvenna í atvinnulífinu, segir flestallar atvinnugreinar hafa fengið skell bæði af Covid og stríðsástandi í heiminum.

Hvað gekk vel á árinu 2022?
Það var einstakt að fylgjast með Íslendingum fara af stað eftir erfið ár heimsfaraldurs Covid og nýta sumar- og haustmánuði vel þrátt fyrir að stríð

í Úkraínu hefði mikil neikvæð áhrif á allt okkar umhverfi.

Við fengum sem betur fer gott ferðamannasumar sem er enn í gangi, ekki síst vegna veðurbliðu haustsins.

Flestallar atvinnugreinar hafa þó fengið skell bæði af Covid og stríðsástandi í heiminum – ætli gott viðhorf fái ekki verðlaun ársins þar sem það á við. Það kemur okkur í gegnum flest sem á reynir.

Hvað var krefjandi á árinu sem er að líða?

Við erum að sjálfsögðu fljót að gleyma en veðurhamur var fyrstu mánuði ársins, sem og Omikron-afbrigði sem gerði skráveifu um gjörvalla heim. Að koma atvinnulífinu aftur af stað á vormánuðum var einstakt afrek sem við ættum að hrósa okkur fyrir og alls ekki gleyma. Stríðið í Úkraínu er orku-, matar- og efnahagsstríð alveg fyrir utan hefðbundinn hernað. Það hefur neikvæð margföldunarhrif sem hefur reynst okkur öllum erfitt að glíma við og þyngir róðurinn fyrir bæði fyrirtæki, stofnanir og fólk í landinu. Að fara síðan beint í kjarasamninga er áskorun en ég hef fulla trú á að allir aðilar sjái sér hag í samstöðu sem gagnast okkur flestum.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Við verðum á fullu að af-læra hegðun og hugsun hraðar en við búumst við. Sjálfbærivegferðin þrýstir á að við tileinkum okkur skjótt nýja síði, þar á meðal hvernig heilbriggt atvinnulíf litur út. Í vinnunni og almennt í samfélaginu viljum við vera örugg, eiga jöfn tækifæri, geta tjáð okkur, skapað og verið við sjálf. Þetta krefst þess að við æfum okkur í að loka fjölbreytni, inn-gildingu og búum til rými fyrir hvert annað til að vaxa og dafna. Við verðum að hafa stjórn á því sem hægt er og það erum við sjálf. Annað leysum við saman. Friður í heiminum er grundvöllur gæfuríkrar framtíðar og grundvallarvirði til að vinna að.

Atvinnugreinin borið vöxt án vandræða



Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Olís, segir að innrásin í Úkraínu hafi lítað árið 2022.

Hvað gekk vel á árinu 2022?
Það gekk vel að gleyma Covid-19 hratt og örugglega. Því miður fengum við ekki að njóta augnabliksins lengi þegar faraldrinum var loksins aflýst enda réðst Pútín inn í Úkraínu örfáum dögum síðar. Ferðapjónustan á hrós skilið fyrir að stíga hratt og örugglega út úr hiðinu. Mér hefur fundist eins og atvinnugreinin hafi borið þennan mikla vöxt án verulegra vandræða. Það hefur að sama skapi verið gaman að fylgjast með kröftugum uppgangi ýmissa nýsköpunarfyrirtækja sem eru mörg hver að uppskera eftir áralangt uppbyggingarstarf.

Hvað var krefjandi á árinu sem er að líða?
Alþjóðleg markaðsskilyrði

”

Alþjóðleg markaðsskilyrði hafa verið afar krefjandi.

hafa verið afar krefjandi. Að-fanga- og hrávörumarkaðir hafa verið í miklu ójafnvægi vegna stríðsins í Úkraínu og það sér því miður ekki enn fyrir endann á þeim hörmungum. Þetta eru þó hjákátlegar áskoranir samanborið við þær þjáningar sem íbúar Úkraínu hafa þurft að mæta. Íslendingar hafa jafnframt verið í mikilli forréttinda-stöðu hvað varðar orkuafgangi og orkukostnað.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Það eru óveðursský á lofti en þau gætu horfið hratt og örugglega. Á alþjóðlega sviðinu fer pólitískur óstöðugleiki vaxandi, alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir eru erfiðir, orkuskortur er útbreiddur og verðbólga í hæstu hæðum. Þetta er erfiður kokteill, en aukið jafnvægi á orkumarkaði gæti vigtað þungt í rétta átt. Á Íslandi er það helst ójafnvægi á vinnumarkaði sem er að valda okkur vandræðum. Yfirstandandi kjarasamningar eru mjög vandasamir og hafa mikla þýðingu fyrir framhaldið. Ef alþjóðlegar aðstæður batna og aðilum vinnumarkaðar tekst að finna skynsamlega lausn þá er Ísland í mjög góðum málum á næsta ári.

Hefur mikla trú á fyrirtækinu



Björk Kristjánsdóttir, fjármála-stjóri Carbon Recycling International, segir að félagið sé í mikilli markaðssókn erlendis.

Hvað gekk vel á árinu 2022?
Árið 2022 var gríðarlega viðburðaríkt hjá okkur hjá Carbon Recycling International (CRI). Það sem stendur upp úr er þó gangsetning stærstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum, sem keyrir á tækni CRI. Félagið hlaut að auki verðlaun frá Verkfræðingafélagi Íslands – Teninginn fyrir hönnun sína á þessari sömu verksmiðju. Við lukum einnig stórum verkþætti í okkar næsta stóra verkefni en sú verksmiðja verður gangsett á síðari hluta næsta árs. Félagið er nú í mikilli

markaðssókn á nýja markaði erlendis en það skrifaði undir samstarfssamning við Dastur Energies á Indlandi og hlaut markaðsstyrki frá Tækniþróunarsjóði til að styðja við þessa vinnu. Það er svo ekki hægt að segja frá þessu öllu án þess að taka fram að velgengni sprettur ekki af sjálfu sér. Við erum þakklát fyrir allt það frábæra fólk sem vinnur að þessu með okkur og hefur stutt félagið á þessari vegferð.

Hvað var krefjandi á árinu sem er að líða?

Verkefni félagsins sem eru nefnd hér að ofan eru í Kína og þar hafa verið mikil höft vegna Covid-19 á árinu. Það var því talsvert krefjandi fyrir okkur að

koma tækniteymi á staðinn til þess að vinna að gangsetningu verksmiðjunnar. Það tókst þó sem betur fer vel til og tafði ekki vinnu okkar á svæðinu.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Ég lít björtum augum til 2023. Ég hef mikla trú á fyrirtækinu og þeim markaði sem það starfar á. Það er ljóst að það er mikil þörf fyrir tækni af þeim toga sem CRI býður upp á og tækni félagsins er leiðandi á heimsvísu. Það má berlega sjá á aukningu í fjölda fyrirspurna og þroska þeirra viðskiptataækifæra sem standa félaginu fyrir dyrum. Við eigum von á því að geta deilt fleiri stórum áföngum og gleðifregnum á nýju ári.

“

Við eigum von á því að geta deilt fleiri stórum áföngum og gleðifregnum á nýju ári.

Bjartsýnn um áframhaldandi góðan gang í sölu



Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir að hann hafi verið stoltur af samstarfsfólki sínu sem leysti krefjandi verkefni á liðandi ári vel.

Hvað gekk vel á árinu 2022?
Ég lít björtum augum til 2023. Ég hef mikla trú á fyrirtækinu og þeim markaði sem það starfar á. Það er ljóst að það er mikil þörf fyrir tækni af þeim toga sem CRI býður upp á og tækni félagsins er leiðandi á heimsvísu. Það má berlega sjá á aukningu í fjölda fyrirspurna og þroska þeirra viðskiptataækifæra sem standa félaginu fyrir dyrum. Við eigum von á því að geta deilt fleiri stórum áföngum og gleðifregnum á nýju ári.

Hvað var krefjandi á árinu sem er að líða?

Þegar stríðið í Úkraínu braust út hleypti það hrávörumörkuðum í uppnám ásamt því að viðskiptabönnin í vor leiddu til þess að huga þurfti að nýjum birgjum og aðfangaleiðum fyrir ákveðnar lykilverur. Það tókst þó að koma í veg fyrir vöruskort og var ég stoltur af því hve vel mitt frábæra samstarfsfólk tókst á

”

Orkukreppan í Evrópu er þó áskorun.

við verkefni. Orkukreppan í Evrópu er þó áskorun og hefur valdið kostnaðarhækkunum á mörgum aðföngum.

Hvernig horfir árið 2023 við þér?

Ég er bjartsýnn varðandi áframhaldandi góðan gang í sölu á byggingarvörum á næsta ári. Ef við horfum á smásölumarkaðinn og heimilin held ég að megi búast við að við séum komin út úr eftirspurnarkúfnum sem kom í kjölfar Covid og komin aftur inn í rólegri tíma. Nýlegir kjarasamningar og niðurstaða um almennar taxtahækkunar á bilinu 13 til 16 prósent frá ársbyrjun til nýju samninganna nuna veldur þó auðvitað vissum áhyggjum og minnkar trúna á því að alvara sé á bak við þau orð samningsaðila um að sameiginlegt verkefni og allra sé að ná verðbólgunni sem hraðast niður. Það veldur mér vonbrigðum enda höfðum við hjá Húsasmiðjunni nýverið lækkað stóra vöruflokka eins og styrkflokkað timbur um 15 til 20 prósent.



Gleðilega hátíð

Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári. Höldum áfram að vinna saman að grænni framtíð.



Salan á Milu hékk á algjörum blápræði

Orri Hauksson þótti sýna fádæma þrautseigju þegar hann leiddi til lykta sölu Símans á innviðafyrirtækinu Milu þrátt fyrir mótbyr og útlit fyrir að viðskiptin væru farin í vaskinn. Fyrir vikið valdi dómnefnd Markaðarins Orra viðskiptamann ársins 2022.



Orri Hauksson, forstjóri og markaðsmaður ársins, segir Símann í allt annarri stöðu í dag eftir sölu á Milu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Orri Hauksson, forstjóri Símans, stóð sannarlega í ströngu þegar upp kom á árinu að Samkeppniseftirlitið gerði talsverða fyrirvara við sölu á Milu til franska innviðarísans Ardian. Hann segist þakklátur fyrir viðurkenninguna þótt hann líti svo á að allt starfsfólk og stjórn Símans eigi hrósið skilið. Þau hafi öll staðið sig eins og hetjur á krefjandi tímum.

Hvað sjálfa sölu á Milu varðar segir Orri að horfurnar hafi ekki bara verið dökkar á tímabili, heldur hreint út sagt vonlausar. Ferlið hafi reynst mun þyngra í vöfum en

nokkurn óraði fyrir þegar gengið var frá sölusamningi í lok október á síðasta ári. Því hafi niðurstaðan verið þeim mun sætari þegar ljóst var að viðskiptin voru í höfn og allir gengu sáttir frá borði.

„Þetta var í raun ótrúlegt ár svona þegar maður lítur til baka. Við vissum alltaf að margir myndu láta til sín taka í málinu. Þetta var alltaf spurning um þennan fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Svo fóru reyndar af stað viðræður við aðra anga ríkisvaldsins varðandi þjóðaröryggi, sem við skildum vel, en við áttum samt aldrei von á að ferlið myndi taka svona langan tíma

og að frágangur sölunnar yrði svona torsóttur,“ segir Orri.

„Því það er í raun ekki fyrir en um þremur mánuðum eftir að við skrifuðum undir sölusamning sem eftirlitið fer að láta til sín taka og svo ekki fyrir en í júlí sem andmælin lágu fyrir.“

Þar hafi strax tapast mikill tími að mati Orra og staðan orðin talsvert snúin.

„Þá var strax ljóst að samningurinn við kaupandann var við það að renna út og ekkert annað í stöðunni en að setjast niður og semja upp á nýtt. Í millitíðinni var samningsstaða Símans orðin talsvert lakari.

”

Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir hversu tæpt þetta stóð allt saman.

Ekki bara vegna þessara tafa heldur líka vegna óróans sem var í viðskiptalífnum á þessum tíma,“ segir Orri og er þar að vísa til ólgunnar sem stríðið í Úkraínu skapaði.

„Svo þurftum við reyndar að semja í þriðja sinn þannig að það fóru talsverð verðmæti í súginn á þessum tíma. Frá Íslandi til meginlands Evrópu. En allt tókst þetta að lokum og það er auðvitað stóra sögulinan í þessu.“

Samningar í höfn á elleftu stundu
Dæmið hafi þó staðið tæpt og allt útlit fyrir að fallið yrði frá samningum.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

Japanskt „city pop“ verður allsráðandi á Prikinu í kvöld.

Japönsk stemning við völd á Prikinu

starri@frettabladid.is

Íslensk-japanska félagið og Asahi standa fyrir Japanese City Pop Night í kvöld, miðvikudagskvöld, á Prikinu í Reykjavík. Þar mun plötusnúðurinn Árni Kristjáns spila japanskt „city pop“ sem er tónlistarstefna sem hefur margar birtingarmyndir, svo sem japanskt enka, fönk, soul, rokk og diskó.

Tónlistarstefnan spratt fram í Japan í lok áttunda áratugar síðustu aldar og var vinsælust þar á níunda áratugnum. „Þessi tónlist er mjög fjölbreytt og getur verið allt frá lafléttum ballöðum yfir í pumpanði diskó,“ segir Árni. „Svo eru útsetningarnar yfirleitt fallegar en vinsælustu plöturnar í þessari stefnu deildu bestu laga-höfundum, hljóðfæraleikurum og útsetjurum landsins á þessum tíma. Fókúsin á lífið utan vinnu, ferðir á ströndina og stórborgarlífið heilla líka, en öll umgjörðin í kringum plöturnar er hjúpuð ljúffengri 9. áratugar nostalgíu.“

Árni bjó í Japan í tæp tíu ár og safnaði þá plötum til að spila sem plötusnúður. „Á sama tíma var ég einnig að skrifa greinar fyrir dagblaðið Japan Times um tónlist og ég fékk tækifæri til að skrifa um uppruna þessarar stefnu fyrir blaðið sem dýpkaði áhugann.“

Bodíð verður upp á japanskan bjór fyrir þá fyrstu þyrstu sem mæta svo gott er að vera timanlega á ferðinni.

Ókeypis er inn á viðburðinn. ■



Matarklúbburinn er bæði æfingahópur og vinskapur. Meðlimir eru á breiðu aldursbili og flest hafa tekið þátt í hálfum Járnkari.

MYNDIR/ADSENDAR

Ekki bara einhver matarklúbbur

Matarklúbburinn er hópur af hressum einstaklingum úr ýmsum áttum sem hafa hreyft sig saman allt frá árinu 2017. Hópurinn nærir sig síður á mat, mun fremur á líkama og sál.

jme@frettabladid.is

„Við borðum nefnilega ekki saman, það er það fyndna við þetta. Upphaflega var þetta hópur stelpna sem tók sig til og fór saman í maraþon árið 2016. Upp úr því fór hluti af þeim að æfa saman og síðar hleypta strákunum inn í hópinn,“ segir Arna Torfadóttir, einn af upprunalegum meðlimum hópsins.

Hittast ekki til að borða
Hópurinn sem Matarklúbburinn

samanstendur af í dag, tók á sig mynd árið 2017 þegar meðlimir fóru að æfa saman í hjólabjálfun.

Upp frá því hafa svo hægt og rólega tinst inn nýir meðlimir í hópinn, aðallega makar, vinir og vinnufélagar. „Í kjölfarið fórum við flestöll saman í fyrsta hálfu Járnkari okkar árið 2019 í Austurríki,“ segir Arna.

„Við erum núna um tólf meðlimir og hópurinn sem fór út var í kringum tólf líka. Þegar við komum heim úr keppninni

tókum við eftir því að það eina sem við deildum inni á Facebook-síðu hópsins voru myndir af matnum sem við vorum að borða. Það var eins og enginn væri að æfa neitt og allir voru bara að senda matarmyndir. Þá segir einhver þessa fleygu setningu: „Hvað, er þetta bara einhver matarklúbbur hérna?“

Síðan þá hefur nafnið fest við okkur. Við hittumst eiginlega aldrei til að borða, heldur er þetta æfingahópur.“

Við erum bara vinir

„Það gerist ósjálfrátt þegar maður er farinn að hitta æfingafélagana meira en vinina að þetta verður að vinskapi. Við erum því farin að gera mun meira en bara að æfa saman.“

Í einni hjólaferðinni uppi á hálendi, í kringum 2021, sem Kjartan Long, einn meðlimur hópsins, skipulagði, sitjum við einhvers staðar að borða nestið okkar og erum að ræða hvað við séum, hvort við værum æfinga- ➤



Hjálpræðisherinn á Íslandi sendir landsmönnum öllum óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári

» félag eða hvað? Þá kemur þessi niðurstaða að við séum bara vinir.

Aðalmarkmiðið með hópnum er að hafa gaman, sem er auðvelt í þessum hóp. Það er aldrei vesen og allir alltaf til í allt. Einn fær hugmynd um að gera eitthvað eða stefna að einhverju og hinir bara fylgja. Ég myndi segja að ég sé gungan í hópnum, en svo fær maður svo mikinn stuðning frá félögum: það keyra allir áfram og enginn vill missa af næsta ævintýri.

Árið 2018 fór stór hluti hópsins inn í þríþrautarfélagið Ægi og æfir saman þar í dag. Inn á milli hittumst við á pop-up æfingum sem hver og einn skipuleggur og póstar á síðuna okkar. Þetta er samvinnuverkefni hjá okkur og því mjög fjölbreytt. Við förum saman út að hlaupa, förum í skíðaferðir, hjólum, göngum og margt fleira. Aðalmarkmiðið er að gera eitthvað skemmtilegt og gera það úti.

Hópurinn samanstendur líka af fólki á breiðu aldrarsbili. Yngsti meðlimurinn er 33 ára og sá elsti er að detta í sextugt. Hann er jafnframt sá sprækasti og allir vilja fylgja honum. Aldurinn skiptir engu máli hjá okkur, við komum öll inn í þennan hóp sem jafningjar.

Fjölbreytt hreyfing

„Flest æfum við um fjórum til sex sinnum í viku með þríþrautafélaginu Ægi og erum svo dugleg að hittast á helgaræfingum. Eðli málsins samkvæmt er besta mætingin í hittinga þar sem boðið er upp á alkóhól eða snúða.“ segir Arna og hlær. „Þá hittumst við, hjólum og endum svo á barnum í hvítvinsglasi eða bjór eða í bílskúrnum hjá



Meðlimir hittast reglulega og taka þátt í íþróttavíburðum. Á jóladag tóku meðlimir til dæmis þátt í Kirkjuhlaupinu og stór hópur stefnir á að taka þátt í maraþoni í Ríga í maí 2023.

MYNDIR/ÞSENDAR



Hópurinn stundar fjölbreytta hreyfingu saman.



Hér taka meðlimir þátt í Lundahlaupinu í Vestmannaeyjum.

77 Flest æfum við um fjórum til sex sinnum í viku með þríþrautafélaginu Ægi og erum svo dugleg að hittast á helgaræfingum.

Arna Torfadóttir

einum meðlimnum og fáum okkur snúða.“

Hópurinn hefur farið í fjölbreyttar æfingaferðir erlendis og innanlands ýmist með Ægi eða Landvættum. „Við erum líka dugleg að ferðast innanlands í göngu- skíðabúðir, hjólaferðir og margt fleira. Í september síðastliðnum fór stór hópur aftur út í Járnkarl og svo fara tveir úr hópnum út í júní á næsta ári til að taka þátt. Restin stefnir á maraþon í Ríga í maí. Sumir eru að taka þátt í sínu fyrsta maraþoni og aðrir í því sjötta.

Flestir í hópnum hafa tekið einn hálfan Járnkarl, sumir tvo hálfra og svo hefur einn tekið heilan Járnkarl. Hann heitir Rúnar og er kominn með Járnkarls-húðflúrið sem þykir einstaklega merkilegt hjá afar þröngum hópi fólks,“ segir Arna og hlær.

Spilað og sungið uppi á hálendi

„Flest okkar hafa þó gaman af því að borða og elda góðan mat og síðast þegar við förum í trússaða ferð á hálendið gistum við í skála við Álftavatn. Við mættum þá eins og við værum búin að leigja sal í bænum. Vorum með búningapema og bjórsmökkun, þriggja rétta sælkeramáltíð með steik og súkkulaði. Þarna gæddum við okkur á dýrindis veitingum innan um hóp af erlendum ferðamönnum með þurrmatinn sinn. Um kvöldið spiluðum við svo á gítar og sungum.

Það myndadist þvilik stemning í skálanum og margir ferðamenn tóku sig til og sungu með okkur upp úr Íslensku söngbókinni. Í öllum okkar ferðum gildir þó alltaf hið gullna jafnvægi, að fara snemma sofa og vakna snemma til að fara á æfingum.“ ■

Ómissandi til að geta hreyft sig og notið lífsins

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu hans til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðaverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjádur af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að imynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“ Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

Áþreifanlegur munur

Einar er búinn að nota vörurnar í nokkur ár og hafa komið upp tímabil þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan munur þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífuolíu,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlenda, og segir hann Protis hafa reynt sér best. „Þetta erlendur virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“



Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

77 Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört möst að taka þetta inn.

og ef það getur lagað það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað því,“ segir Einar.

„Ég hélt að ég væri kominn með vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

Verndar liði, bein og brjósk

Protis Liði er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskrótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vitamin fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

Fyrir húð, hár og neglur

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og næglum. Kollagenið er framleitt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskrótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er séralín blanda af vitaminum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og næglum. ■

Vörur Protis fást í öllum helstu matvöruverslunum og apótekum.



Eins og þegar maður var yngri

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lyklatríði að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki síst felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búíð er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Liðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heils hugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjást til dæmis af vefjagigt

BIOThERM

UPPLIFÐU KRAFT BLUE RETINOL

100% FANNST HRUKKUR MINNKA!
AUKIN GÆÐI HÚÐAR



0,25% HREINT RETINÓL

1% LIFE PLANKTON



BIOThERM MÆLIR MEÐ



NÝTT

BLUE PRO-RETINOL OG BLUE RETINOL NIGHT SERUM

Blue Pro-Retinol kremið inniheldur yfirborðs leiðréttandi Pro-Retinól, þörungabykkni með viðgerðareiginleikum og endurnýjandi Life Plankton™. Pro-Retinol er retinólafleiða sem samanstendur af retinóli og pálmítsýru, við snertingu hennar við húð brotnar hún niður og retinólið gengur niður í húðina. Retinólafleiðan gerir kremið öflugt en mild og má því nota það kvölds og morgna, jafnvel viðkvæm húð. Húðin verður áferðafallegri, húðlitur jafnari og fínar línur minna sjáanlegar.

Blue Retinol Night Serum er öflug nýjung í lífvísindum sem hefur mikla endurnýjunarvirkni. Formúlan er 100% vegan. Serumið inniheldur 0.25% hreint retinól og Life Plankton sem vinna á hrukkum, gefa fallegri húðáferð og mýkt.

Við mælum alltaf með notkun sólarvarnar samhliða vörum sem innihalda retinól.

BLUE THERAPY UPLIFT

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar kollagen og elastínþráðum húðarinnar verulega sem leiðir til þess að húðin tapar þéttleika og mýkt.

Blue Therapy Uplift kremin eru þéttandi, styrkjandi og rakagefandi og auka mýkt og þéttleika með því að notast við vatnsrofið kollagenpeptíð af náttúrulegum uppruna og Red Algae þörungabykkni. Við notkun verða útlínur andlitsins skýrari, húðin mýkri og stinnari og með meiri ljóma.

Einnig til fyrir þurra húð og næturkrem.

BLUE THERAPY REVITALIZE

Amber Algae þörungurinn er aðal innihaldsefni Revitalize línunnar. Þörungurinn hefur þann einstaka hæfileika að viðhalda lögun sinni og endurnýja sig stöðugt. Hann styrkir og verndar framleiðslu á húðfrumum og viðheldur þéttleika húðar. Kremið inniheldur einnig endurnýjandi Life Plankton™ og styrkjandi næringarefni.

Kremin eru orkugefandi og nærandi, draga úr öldrunareinkennum og styrkja varnarkerfi húðarinnar. Húðin verður frísklegri, mýkri, nærðari og ljómandi. Kremið hentar þeim sem vilja markvissa andlitsmeðferð sem dregur sýnilega úr öldrunareinkennum.

Einnig er til næturkrem og nærandi Cream-in-Oil dagkrem.



Bílar & Farartæki

AÐALKAUP

Bílasala



TIL AFHENDINGAR STRAX Á FRÁBÆRU VERÐI!!!

SUZUKI VITARA GL++. Ágerð 12/2021, "NYR" ÖEKINN, bensín/hybrid, framdrifinn, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn og sparneyttinn jepplingur á mjög góðu verði. Eigum til fleiri líti. Verð aðeins kr.4.977.000- Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120766.

Adalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

AÐALKAUP

Bílasala



100% RAFMAGN - TIL AFHENDINGAR STRAX!!!

RENAULT KANGOO Express z.e. 100% rafmagn. 12/2021, "NYR" ÖEKINN, rafmagn, sjálfskiptur. Uppgefin WLTP drægni 240km. Verð aðeins kr.4.977.000-. Erum með 10 stk. til afhendingar strax á þessu frábæra verði fyrir áramóti! Sjá fleiri myndir og frekari upplýsingar á www.adalkaup.is Rnr.120765.

Adalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
<http://adalkaup.is>

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

Parftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

hagvangur.is



HAGVANGUR

„Þetta var allt komið á tæpasta vað. Samningar náðust á allra síðasta degi eftir langa fundi. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir hversu tæpt þetta stóð allt saman,“ segir Orri og leggur áherslu á orð sín.

Aðspurður hvort hann hafi alltaf haft trú á að salan myndi ganga í gegn segist Orri alveg geta viðurkennt að hann hafi verið orðinn nokkuð svartsýnn. „Það komu dagar þar sem maður hélt að þetta væri búíð. Það sama var uppi á teningnum hinum megin við borðið. Okkar viðsemjendur voru orðnir mjög vonlitlir á tímabili. Þeir áttu erfitt með að skilja hvað var að gerast hér á Íslandi í tengslum við þessi viðskipti. En ég held samt að vonin hafi alltaf verið til staðar,“ segir Orri.



Það kitlar mig mjög mikið að fylgja þessum tímamótum hjá fyrirtækinu eftir. Mér finnst það alveg óskaplega spennandi verkefni.

Hann vill samt ekki meina að það hefðu verið einhverjar hrakfarir þótt salan hefði ekki gengið í gegn.

„Míla er gríðarlega öflugt félag og það hefði ekki verið neinn heimsendir að eiga það áfram. En ástæðan fyrir því að við förum út í þetta er hluti af stærra plani. Í fyrsta lagi hefur verið mikil reglustýring á Símanum vegna eignarhaldsins á Mílu. Í öðru lagi hefur þróunin verið sú í þessum geira að aðgreiningar er þörf á milli innviða og þjónustu. Þannig að það er margt sem spilar inn í að við höfum viljað draga línu í sandinn á milli þessara fyrirtækja og unnið mjög markvisst að því mjög lengi.“

Stóra málið að mati Orra hafi kannski frekar varðað trú erlendra fjárfesta á Íslandi ef stærstu viðskipti Íslandssögunnar hefðu runnið út í sandinn.

„Ef þetta hefði klikkað þá hefðu það verið mjög vond skilaboð. Þarna var um að ræða öflugan sjóð með mikil áform og það hefði ekki verið gott ef þetta hefði farið í vaskinn. Svona upp á ímyndina. Að mínu mati.“

Allt annað fyrirtæki í dag

En hverju breytir þetta fyrir Símann? Er fyrirtækið ekki í allt annarri stöðu í dag en það var fyrir fáeinum árum hvað samkeppni og þjónusta varðar?

„Það er einmitt mjög mikilvæg spurning. Ég kom fyrst að þessu fyrirtæki í kringum einkavæðinguna í byrjun aldarinnar. Þá var Landssími Íslands auðvitað algjör



Míla er gríðarlega öflugt félag og það hefði ekki verið neinn heimsendir að eiga það áfram.

risi. 1.300 starfsmenn og mjög víðtæk starfsemi. Í dag er starfsmannafjöldi Símans í kringum 270 manns. Við erum búin að útvísta mjög miklu. En fyrir mér var alltaf ljóst að stærð fyrirtækisins var okkar helsti akkilesarhæll. Við vorum mjög lítil í alþjóðlegu samhengi en stór á íslenskan mælikvarða. Þetta gerði það meðal annars að verkum að þegar við vorum að kaupa inn kerfi af okkar birgjum þá þurftum við alltaf að kaupa of stór stígvél. Stærðarhagkvæmnin var ekki góð fyrir félag af þessari stærð á þessum markaði.“

Þess vegna segir Orri það hafa verið óumflýjanlegt að Síminn myndi rífa seglin og þróast yfir í þjálli einingu.

„Með því er ég samt ekki að segja að við séum komin í mark eða verkefninu lokið. En salan á Mílu er risastórt skref í þá átt að gera fyrirtækið snarpara. Gera Símanum kleift að keppa á eðlilegum forsendum.“

Þess vegna segist Orri spenntur fyrir því sem nú taki við.

„Nú er þessum kafla lokið. Loksins. Nú getum við farið að einbeita okkur að þjónustunni og smásölu. Einbeita okkur að því sem gagnast okkar viðskiptavinum og því sem markaðurinn er að kalla eftir. Umfram allt.“

Hvergi nærri hættur

En hvað með Orra sjálfan? Hann hefur væntanlega heyrt orðróm þess efnis að salan á Mílu hafi verið stóra verkefnið og því komið að tímamótum, bæði hjá honum og Símanum. Er eitthvað hæft í því að forstjóri Símans hugsi sér til hreyfings?

„Já, þú segir nokkuð. Auðvitað hef ég heyrt þennan orðróm eins og aðrir. Ég get alveg viðurkennt það. Ég er búinn að vera hérna í níu ár samfleytt þótt saga mín og Símans sé enn lengri. Þannig að þetta fyrirtæki er búíð að vera mjög stór hluti af mínu lífi um nokkurt skeið. Og auðvitað er maður alltaf að hugsa fram í tímann. En ég verð samt að segja, af hjartans einlægni, að það kitlar mig mjög mikið að fylgja þessum tímamótum hjá fyrirtækinu eftir. Mér finnst það alveg óskaplega spennandi verkefni. Með því er ég ekki að segja að ég verði hérna til eilífðarnóns en eins og staðan er í dag þá hef ég enn mjög mikla ástríðu fyrir því sem við erum að gera hjá Símanum. Mér finnst þetta alveg óskaplega skemmtilegt, tala nú ekki um þegar getan til að hlaupa hratt í síkviku umhverfi er að aukast,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans og markaðsmaður ársins að mati dómnefndar Markaðarins. ■



Orri segir ekkert til í sögusögnum þess efnis að hann sé á förum frá Símanum. Hann segist aldrei hafa verið jafn spenntur fyrir komandi verkefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



Óskaskrín

Nýtum árið 2023 til góðra verka



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Meiri óvissa hefur ríkt undanfarið en við eigum að venjast. Besta vika ársins var líklega vikan milli þess sem sóttvarnareglum var aflétt og áður en Rússar réðust inn í Úkraínu. Þetta ár hefur kennt okkur að búast við hinu óvænta. Það breytir þó ekki stóru myndinni sem er sú að við erum stöðd í miðri grænni iðnbýltingu þar sem framleiðsluhættir breytast og full orkuskipti geta orðið að veruleika á Íslandi í þágu þess að bæta heilsu jarðar. Þessi þróun, sem hófst seint á síðustu öld, mun vara næstu áratugi. Í þessu felast fjölmörg tækifæri fyrir Ísland sem við þurfum í sameiningu að sækja. Þess vegna tileinkuðu Samtök iðnaðarins árið 2022 grænni iðnbýltingu.

Iðnaður er í stöðugri þróun þar sem nýjungar eru innleiddar í



rótgrónum iðngreinum og nýjar greinar hasla sér völl. Það er gaman að sjá þessa þróun eiga sér stað um allt land, hjá iðnfyrirtækjum sem skapa um 44 þúsund eftirsótt störf og mikil verðmæti. Mikil tækifæri eru til staðar en þau þarf að sækja þannig að eftirsóttum störfum

fjölgi og meiri verðmæti verði til skiptanna. Þannig verður Ísland í fremstu röð.

Hugverkaiðnaður er nú þriðja stærsta greinin á Íslandi og hefur vaxið hratt. Hugverkaiðnaður er orðinn ein verðmætasta útflutningsstoðin og hefur alla burði til



Hugverkaiðnaður er orðinn ein verðmætasta útflutningsstoðin og hefur alla burði til þess að verða stærsta stoðin við lok þessa áratugar, ef rétt er á málum haldið.

þess að verða stærsta stoðin við lok þessa áratugar, ef rétt er á málum haldið. Það er undir okkur sjálfum komið að svo verði. Frumkvöðlar með óþrjótandi hugmyndaflug og drifkraft þurfa samkeppnishæf starfsskilyrði. Stjórnvöld eiga hrós skilið fyrir að hafa búið vel að hugverkaiðnaði á undanföllum árum en þar sem önnur ríki vinna stöðugt að bættum skilyrðum þá þurfa íslensk stjórnvöld sífellt að huga að

umbótum í starfsumhverfinu og hvötum til nýsköpunar.

Með tímanum verður orkusækinn iðnaður fjölbreyttari og grænni. Í grænni iðnbýltingu skapast tækifæri til þess að nýta auðlindastrauma frá rótgrónum iðnaði til nýsköpunar. Með nýsköpun liggja tækifæri á sviði matvælaframleiðslu, í loftækniiðnaði og í upplýsingatækni, svo dæmi séu tekin. Þar fyrir utan þarf orku til vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu svo Ísland geti náð fullum orkuskiptum og orðið óháð olíu. Til þess að við getum sótt þessi tækifæri í iðnaði þarf að afla grænnar innlendrar orku fyrir núverandi kaupendur orku sem og nýja notendur. Ef allri orku verður forgangsraðað til orkuskipta í öðrum atvinnugreinum þá hægir verulega á framþróun iðnaðar og við verðum af margvíslegum tækifærum til atvinnuuppbyggingar um land allt. Einnig munum við dragast aftur úr í grænni iðnbýltingu í stað þess að verða leiðandi á því sviði.

Nýtum árið 2023 til að byggja upp öflugri iðnað, fleiri eftirsótt störf og meiri verðmæti til hagsbóta fyrir samfélagið allt. ■

Hætt'ekki gefst'ekki upp þó móti þér blási



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Áframhaldandi lífskjarabætur lítillar þjóðar með örgjaldmiðil byggjast ekki sist á jákvæðum viðskiptajöfnuði við útlönd. Ef við búum til meiri gjaldeyri en við notum og viðhöldum jákvæðum viðskiptajöfnuði er auðveldara að takast á við efnahagssveiflur og því auðveldara að byggja upp lífskjör. Þetta er auðvitað svolítil einföldun en samt satt.

Andvana, magnvana, máttvana

Frá lýðveldisstofnun fram til ársins 2013 var viðskiptajöfnuður nær samfelldur neikvæður ár eftir ár. Það er heldur ekki auðvelt fyrir litíð hagkerfi sem byggði útflutnings sinn nær eingöngu á fiski og áli að byggja upp gjaldeyrisforda. Við fluttum meira inn af vörum og þjónustu en við fluttum út, notuðum meiri gjaldeyri en við bjuggum til sjálf.

Árið 2010 tók þetta umhverfi að breytast og frá árinu 2013 höfum við



Endurkoma ferðaþjónustunnar sem lykilútflutningsgreinar réði mestu um að 110 milljarða afgangur var á þjónustuviðskiptum við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2022.

búið við nokkuð stöðugt jákvæðan vöru- og þjónustujöfnuð – við höfum búið til meiri gjaldeyri en við notum.

Og það hefur gjörbreytt efnahagslífinu. Undirstaða þessarar breytingar er ferðaþjónustan. Áratugum saman óskuðu stjórnámálmenn, atvinnulífshólfar og verkaleyðsleiðtogar sér meiri fjölbreytni í atvinnulíf og efnahag þjóðarinnar. Og óskinn réttist svo um munaði með tilkomu ferðaþjónustunnar.

Þótt hjartað dæli blóði

Ferðaþjónustan hefur að sönnu gengið í gegn um hremmingar



undanfarin tvö ár. En þrátt fyrir heimshrun og stórkostlegan vanda fyrirtækjanna dældi þetta hjarta útflutningsverslunar þjóðarinnar samt nærri 300 milljörðum króna inn í íslenskt efnahagslíf á árunum 2020 og 2021. Það er ekki klink.

Á þessum tveimur árum opnuðu landsmenn vart fjölmíðil án þess að greiningaraðilar og stjórnámálmenn lýstu þar yfir mikilvægi þess

að ferðaþjónustan tæki hratt við sér, að á því byggðist öll efnahagsviðspyrna þjóðarinnar.

Ferðaþjónustan tók áskoruninni og árangurinn er strax farinn að sjást. Tekjur af erlendum ferðamönnum á þriðja ársfjórðungi 2022 námu rúmlega 187 milljörðum króna samanborið við 168,9 milljarða á þriðja ársfjórðungi 2019, og ferðaþjónustan hefur nú þegar

endurheimt sinn fyrri sess sem stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar á þessum ársfjórðungi með um 36% hlut af heildarútflutningi vöru og þjónustu á þessu tímabili samanborið við um 32% árið 2019 á sama tímabili.

Stórfint, alveg til fyrirmyndar

Og hvað þýðir þetta fyrir viðskiptajöfnuðinn og lífskjörin? Jú, endurkoma ferðaþjónustunnar sem lykilútflutningsgreinar réði mestu um að 110 milljarða króna afgangur var á þjónustuviðskiptum við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2022. Á sama tímabili myndadist 23,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd þar sem háönn ferðaþjónustunnar skipti sköpum.

Við erum aftur farin að búa til meiri gjaldeyri en við notum. Við erum aftur farin að byggja undir stöðugleika og betri lífskjör. Og við erum búin að skila í ríkiskassann öllum styrkjunum sem gerðu þessa hröðu viðspyrnu mögulega, með margra milljarða vöxtum og kærri þökk.

Ferðaþjónustan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls viðskiptajöfnuðar á komandi ári. ■

Gott ár að baki en blikur á lofti



Heiðrún Lind Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Vel tókst til við veiðar, vinnslu og sölu á sjávarafurðum á árinu 2022. Útflutningsverðmæti sjávarafurða munu líklega verða í kringum 340 milljarðar króna, en það er í fyrsta sinn sem verðmætin fara yfir 300 milljarða króna á einu ári.

Ein verðmætasta loðnuvertíð í sögunni hafði veruleg áhrif, en hún var auðvitað mjög kærkomin svo stuttu eftir loðnubrest tvö ár í röð. Hækkun á fiskverði erlendis hafði einnig töluverð áhrif til hækkunar á

útflutningsverðmætum. Sú hækkun bætti að vissu leyti fyrir samdrátt í ráðlögðum heildarafla þorsks. Útflutningsverðmæti eru þó ekki algildur mælikvarði á stöðu mála, enda hefur samdrátturinn í þorski gert fyrirtækjum erfiðara um vik að útvega nægt hráefni til þess að halda vinnslum gangandi og tryggja heilsársstörf.

Fiskeldi hélt áfram að festa sig í sessi sem mikilvæg grunnstoð í íslensku efnahagslífi og mikil uppbygging er í greininni. Útflutningsverðmæti eldisafurða verða eflaust á bilinu 46 til 50 milljarðar króna á árinu, sem er met. Verðhækkunir höfðu veruleg áhrif í þessari aukningu, en verð á eldislaxi náði sögulegum hæðum árinu. Áskoranir voru þó margar; válynd veður fyrir vestan og ISA-veira fyrir austan gerðu fyrirtækjunum erfitt fyrir.

Fyrir innrás Rússa í Úkraínu hafði fiskverð farið hækkandi í takti við batnandi aðstæður á mörkuðum og minnkandi áhrif kórónuveirufaraldursins. Viðskiptaþvinganir sem Vesturlönd gripu til gegn Rússlandi, stuðluðu síðan að frekari verðhækkunum botnfiskafurða. Þetta voru þó ekki einu afleiðingar stríðsins. Olíuverð hækkadi mikið í kjölfar innrásarinnar og þrátt fyrir að það hafi lækkað nokkuð frá því um mitt þetta ár, þá er olíuverð enn hátt og mikil óvissa ríkir um framvinduna. Það er raunar allt að hækka, sem sést vel á verðbólguölum víða um heim. Afkoma sjávarútvegs- og eldisfyrirtækja mun verða fyrir áhrifum af þessu.

Það eru blikur á lofti fram veginn vegna stríðsástandsins í Úkraínu, afleiðdra áhrifa kórónuveirufaraldursins og dýpkandi orkukreppu



Það hefur sýnt sig að órofin virðisdeja, sem nær frá skipulagi veiða til lokasölu, skiptir sköpum þegar bregðast þarf við síbreytilegum aðstæðum.

í Evrópu. Evrópa er langstærsta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Ef skórin kreppir þar, mun það hafa áhrif á eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum. Alþjóðleg verðbólga er mikil og í helstu viðskiptalöndum Íslands hefur hún ekki mælt meiri í fjóra

áratugi. Framfærslukostnaður heimila hefur því stóruaukist. Þetta hefur áhrif á neysluvenjur fólks og það mun vafalaust setja sitt mark á sölu á íslenskum sjávar- og eldisafurðum á komandi ári.

Fjárhagslega burðug sjávarútvegsfyrirtæki og íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, með sínum sveigjanleika, gera okkur kleift að vera bjartsýn. Það hefur sýnt sig að órofin virðisdeja, sem nær allt frá skipulagi veiða til lokasölu, skiptir sköpum þegar bregðast þarf við síbreytilegum aðstæðum. Uppbygging í fiskeldi mun halda áfram og ný met verða vafalaust slegin í útflutningi á eldisafurðum á komandi ári. Ég hef þess vegna fulla trú á því að sjávarútvegur og fiskeldi muni áfram draga mikilvæg björg í bú fyrir efnahag og samfélag hér á landi. Fyrirtækin munu stíga ölduna. ■

Mesta rafbílaúrval landsins

100% rafmagn, Plug-in Hybrid eða Hybrid. Mesta rafbílaúrval landsins er á **bl.is**. Framtíðin er komin.

ENNEMM / SIA / NM009090

B | L



DACIA



HONGQI
— since 1958 —



Viðskiptafrelsi og samkeppni á viðsjárverðum tímum



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri
Félags atvinnu-
rekanda

Heimsfaraldur og styrjöld í Evrópu settu mark sitt á verzlun og viðskipti á árinu sem nú rennur skeið sitt á enda. Hikstar í aðfangakeðjum, fyrst vegna faraldurs og svo vegna stríðsins í Úkraínu, settu fjölda fyrirtækja í vanda og verð á flestum aðföngum hefur hækkað mikið. Það er til marks um að íslensk innflutningsverzlun hefur reynt vandanum vaxin að t.d. hækkanir á matvöruverði hafa verið langtum minni á árinu en í flestum öðrum Evrópuríkjum.

Faraldur og stríð hafa gefið okkur tilefni til að endurhugsa eitt og annað í viðskiptum Íslands við umheiminn. Það er til dæmis full ástæða til að gefa betur gaum atriðum eins og öryggi aðfangakeðja og aðgangi að neyðarbirgðum á viðsjárverðum tímum. Það hefur hins vegar borið á því að hagsmunaoöfl sem hafa lengi talað fyrir verndarstefnu í þágu sérhagsmuna hafa tekið óvissu í heimsálfunum fegins hendi sem skálkaskjól fyrir að ná fram markmiðum um viðskipta- og samkeppnishömlur.



Enn tala til dæmis sumir stjórn-málamenn fyrir því að vinda ofan af friverzlun við Evrópusambandið með búvörur í þágu „fæðuöryggis“. Þótt engin framleiðsla sé lengur á frönskum kartöflum á Íslandi gekk erfiðlega að fá ráðherra ríkisstjórnarinnar til að fallast á að þá mætti afnema 76% verndartoll á frönskum kartöflum. Verðlag á mat er einn þáttur fæðuöryggis og öfugsnúið að enn skuli vera talað eins og að það að gera mat dýrari eflí fæðuöryggið. Nú þegar fæðuöryggi

er orðið raunverulegt viðfangsefni vegna ástandsins í alþjóðamálum en ekki bara orðaleppur sem hagsmunaoöfl veifa í eigin þágu verður kannski skýrara í hinni almennu umræðu hversu öfugsnúinn þessi málflutningur er.

Félag atvinnurekanda blandaði sér í umræðuna um lyfjaöryggi, sem kom upp vegna skorts á tilteknum lyfjum. Félagið benti á að stóri skýringarþátturinn þegar kæmi að skorti á lyfjum væri verðstefna stjórnvalda, sem leiðir af sér að

alþjóðlegir lyfjaframleiðendur setja einfaldlega ekki ný lyf á markað á Íslandi þótt þau geti verið miklu hagkvæmari en eldri lyf.

FA hefur verið í fararbroddi meðal samtaka í atvinnulífinu í baráttu fyrir því að samkeppni sé sem öflugust og nái til sem flestra atvinnugreina. Félagið lagðist þannig eindregið gegn beiðni talsmanna kjötafurðastöðva um að þær fái undanþágu frá samkeppnislögum af því að það gangi ekki nógu vel í rekstri (sumra) þeirra. Slíkt



Verðlag á mat er einn þáttur fæðuöryggis og öfugsnúið að enn skuli vera talað eins og að það að gera mat dýrari eflí fæðuöryggið.

væri varasamt fordæmi. Félagið benti líka á að fyrirhuguð löggjöf um rýni á erlendum fjárfestingum væri líkleg til að fæla erlenda fjárfesta frá landinu nema að samhliða gildistöku hennar færi fram viðtæk úttekt á regluverki atvinnulífsins með það að markmiði að fækka samkeppnishömlum og draga úr skriffinnsku. Það eru nefnilega ekki sízt slíkir þættir sem valda því að Ísland er í þriðja neðsta sæti OECD-ríkja þegar kemur að hömlum á erlendar fjárfestingar.

Ástand heimsmála hefur fært íslensku atvinnulífi mörg ný viðfangsefni. Eftir sem áður á leiðarljósið við úrlausn þeirra að vera viðskiptafrelsi og frjáls samkeppni. ■

Ár ákvarðana fram undan



Svanhildur Hólm Valsdóttir
framkvæmda-
stjóri Viðskipta-
ráðs Íslands

Um síðustu áramót horfðum við býsna björtum augum til framtíðar. Við gerðum ráð fyrir að geta lagt að baki fjöldatakmarkanir, lokanir og grímur og við tækju eðlilegri tímar. Árið 2021 hafði verið mörkuðunum gott og þótt ýmis þenslumerki væru farin að gera vart við sig, var það allt talið tímabundinn fylgifiskur faraldurs sem væri einungis verkefni til að takast á við, frekar en stórkostlegt vandamál. En enginn veit sína ævina og það allt og valdasjúkur stríðsherra í Rússlandi setti á einni nóttu ansi marga hluti í nýtt samhengi.

Það eru svo sem engin ný tíðindi að þjóðir heims séu hver annarri háðar í margvíslegu samhengi, en ástandið sem innrás Rússa í Úkraínu hefur skapað í efnahagsmálum Evrópu varpar ljósi á hversu brot-hætt heimsmynd okkar getur verið. Nágrannabjóðir Rússa hafa svo sem ekki verið með neina glýju í augunum í samskiptum sínum við Pútín, enda þekkjja þær á eigin skinni að Rússland hefur í gegnum aldirnar talið bestu leiðina til að verja landamæri sín gegn aðsteðjandi ógn vera þá að þenja þau út. Stundum er sú ógn frekar hugmyndafræðileg en fýsisk, eins og virðist vera í tilvikum Úkraínu, þar sem sú stefna að halla sér frekar í vestur en að birninum í austri hafi orðið kveikjan að innrásinni. Því miður eru ýmis ríki Evrópu nú að súpa seyðið af því að hafa lagt of mikið traust á viðskipti við Rússland og afleiðingarnar eru áþreifanlegar fyrir allan almenn- ing. Þar eru orkumálin efst á blaði, en einnig skortur á ýmissi hrávöru sem ekki má lengur kaupa af Rússum og Hvítrússum, auk framleiðslu sem annað hvort hefur brugðist í Úkraínu vegna stríðsins, eða hefur



Það er tilvalið að gera árið 2023 að ári ákvarðana, þar sem við ákveðum hvernig við ætlum að bregðast við áskorunum í orkumálum.

verið örðugt að koma frá landinu á markaði.

Þetta skarð hefur þurft að fylla með vörum annars staðar að, sem skyndilega verða mun eftirsóttari en áður og þá um leið dýrari. Hér á landi finnum við beint fyrir hækku- unum og þótt við höfum ekki þurft að horfa upp á rafmagnsreikn-

inginn margfaldast milli ára, eða jafnvel mánaða, erum við engan veginn ónæm fyrir þeim afleiðdu áhrifum sem herra orkuverð í viðskiptalöndum okkar hefur. Við erum líka enn háð dýrri, innfluttri olíu og af þessu ástandi má meðal annars draga þann lærdóm að við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að vera ekki öðrum háð um orkugjafa. Það er mikilvægt út frá sjálfstæði og þjóðaröryggi, í efnahagslegu tilliti – og það felast í því tækifæri til að gera betur í loftslagsmálum. Loftslagsráð hefur einmitt bent á að þótt við höfum sett okkur metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi skorti markvissar aðgerðir.

Það er tilvalið að gera árið 2023 að ári ákvarðana, þar sem við ákveðum hvernig við ætlum að bregðast við áskorunum í orkumálum. Þær ákvarðanir þurfa að gera okkur kleift að halda áfram að byggja upp um allt land, njóta framúrskarandi lífskjara og uppfylla yfirlýsingar okkar um orkskipti og grænna Ísland. ■

Línudans að viðhalda samkeppnishæfni



Pétur Blöndal
framkvæmda-
stjóri Samáls

Ef rýnt er í súlurit yfir eftirspurn áls í heiminum, þá er það ágætur barómeter fyrir stöðuna í heims- málunum. Þannig fór eftirspurnin á heimsvísu niður um 8% í bankahruninu og 3% í heimsfaraldrinum. En viðsnúningurinn var öflugur í bæði skiptin, árið 2010 jókst eftirspurn um 18,3% og árið 2021 um 10%.

Orkukrisan hefur hins vegar sett strík í reikninginn að þessu sinni. Áhrifin eru alvarlegust í Evrópu, þar sem hátt orkuverð hefur þrengt að framleiðslufyrirtækjum. Nú þegar hefur álframleiðsla dregist saman á meginlandinu um 40% eða sem nemur tæpum 900 þúsund tonnnum, rétt rúmlega heildarframleiðslu áls á Íslandi.

Áhugavert er að innflutningur áls frá Indlandi hefur þrefaldast, en þar er kolaorka nýtt til álframleiðslu, og einnig hefur innflutningur stóru- alkist frá Mið-Austurlöndum, þar sem gasið er aflgjafinn. Kolefnisfótspor álnotkunar í Evrópu er því mun óhagstæðara fyrir vikið.

Í Evrópu eru það einukum álver sem ekki eru með langtímasam- ninga sem hafa dregið saman seglin, enda eru þau ofurseld verðsveiflum til skamms tíma og um nokkurt skeið var orkukostnaður hærri en markaðsverðið á hvert framleitt tonn. Eftir nokkur mögur ár hefur afkoma íslenskra álvera verið afar góð á þessu ári og liðnu ári og sér þess stað í aukinni framleiðslu og fjárfestingum í virðisaukandi verk- efnum.

Munar þar mestu um fjárfestingu í nýrri framleiðslulínu í steypuskála



Það er heilbrigðis- merki að öll álverin hér á landi eru stöðugt að stíga lengra í áfram- vinnslu áls.

Norðuráls, en hún fékk græna fjár- mögnun hjá Arion banka. Þar verða framleiddar virðisaukandi stangir með málmblöndum og skapast við það 40 varanleg störf. Það er heil- brigðismerki að öll álverin hér á landi eru stöðugt að stíga lengra í áframvinnslu áls, en jafnframt hefur byggst gröskumikill klasi í kringum þau með hundruðum fyrirtækja.

Það verður áfram línudans að viðhalda samkeppnishæfni áliðn- aðar í Evrópu. Sama hvar litíð er, þá hlaðast upp gjöld, sem eingöngu eru bundin við evrópskan áliðnað. Regluverkið er allt um vefjandi. Álver hér greiða til að mynda á annan milljarð fyrir losun gröður- húsalofttegunda innan ETS, viðskiptakerfis ESB um losunarheim- ildir, eða um milljón á starfsmann.

Í Evrópu skila þessir fjármunir sér aftur inn í atvinnulífið, enda tröllvaxið og fjármagnsfrekt verk- efni að umbylta framleiðsluferlum til að útrýma losun, en á Íslandi er þetta skattlagning. Á sama tíma eru engin teljandi gjöld á álver utan Evrópu sem losa meira og nýta að auki kolaorku eða gasorku til sinnar framleiðslu, en því fylgir marg- falt meiri losun. Ljóst er að íslensk stjórnvöld og atvinnulífið þurfa að vera samstíga til að yfirstíga þennan þróskuld. ■



Hátíðarkveðjur

Íslendingar eiga kost á fullum orkuskiptum þar sem græna og endurnýjanlega orkan okkar leysir bensín og olíu að fullu af hólmi.

Orkufyrirtæki þjóðarinnar ætlar að stuðla að þessum orkuskiptum, enda er framtíðarsýn okkar sjálfbær heimur knúinn endurnýjanlegri orku. Við ætlum áfram að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem Landsvirkjun er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

Við tökum vel á móti framtíðinni.

Staða IL-sjóðs er stóra málið



Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða

Við áramót hlýtt ég að byrja á því að nefna þá niðurstöðu alþjóðlegs samanburðar að lífeyriskerfið okkar sé eitt þriggja í úrvalsflokki svokallaðrar Mercer-CFA vísitölu sem mælir styrkleika lífeyriskafta í alls 44 ríkjum víðs vegar um veröldina. Lífeyriskafti Íslands, Hollands og Danmerkur koma þar best út annað árið í röð. Lífeyriskafti ríkjanna þriggja eru að ýmsu leyti ólík að uppbyggingu en heildarniðurstaðan er sú að einungis þessi kerfi fá A í einkunn hjá Mercer.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið var með í þessum samanburði í fyrsta sinn 2021 og óhætt er að segja að niðurstaðan hvað Ísland varðar hafi vakið mikla athygli erlendis. Við höfum lengi haldið því fram að íslenska kerfið sé öflugt á alþjóðlegan mælikvarða og nú er það staðfest svo ekki verður um deilt.

Stundum er sagt að upphæðin komi að utan í þeim skilningi að við áttum okkur gjarnan ekki á mörgu því sem vel er gert í íslensku samfélagi fyrr en útlendingar hafa orð á því. Kannski á þetta við um lífeyrissjóðakerfið!

Að því sögðu eru lífeyrismál og lífeyriskaftið viðvarandi verkefni hjá okkur eins og öðrum þjóðum og þróast í takt við breytta tíma, viðhorf og samfélagsþætti.

Þung undiralda vegna skerðingar almannatrygginga

Sannarlega vildi ég nú geta horft um öxl og sagt að friðsemd ríki um sambúð almannatrygginga og lífeyrissjóða í eftirlaunakerfi landsmanna. Því fer fjarri. Þeim fjölga eðlilega stöðugt sem sætta sig alls ekki við að greiðslur úr lífeyrissjóðum landsmanna skerði stórlaga greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Skerðingarprósenta almannatrygginga vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum er nú 45% sem veldur því að eftir því



Jafnvel þótt Alþingi geti beitt löggjafarvaldi sínu og látið taka IL-sjóð til skipta verður ríkissjóður eftir sem áður að ábyrgjast að lífeyrissjóðir og aðrir eigendur íbúðabréfa skaðist ekki.

sem lífeyrissjóðakerfinu vex ásmegin sparar ríkissjóður greiðslur lífeyris í gegnum almannatryggingar.

Leyfi ég mér að fullyrða að engum af frumkvöðlum kerfisins á vettvangi heildarsamtaka verkalyðs og atvinnurekenda hefði látið sér detta það í hug að greiðslur lífeyrissjóða gætu skert greiðslur almannatrygginga í það miklum mæli að þær gætu alfarið komið í þeirra stað.

Stjórnvöld hafa boðað til vinnu við grænbókarsmið til að rýna endurskoðun lífeyriskaftisins og vonandi mun slík vinna skila okkur sátt um samspil á greiðslum lífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Ríkið skaðabótaskyld ef IL-sjóði verður slitið með lögum

Síðast en ekki síst nefni ég mjög svo

óvænta yfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðherra á dögnum um að stjórnvöld væru jafnvel með það í bigerð að slíta IL-sjóði með laga-setningu og gjaldfella svokölluðu íbúðabréf með það að markmiði að losa ríkissjóð undan gefnum lofordum um greiðslu verðbóta og vaxta bréfanna allt til ársins 2044. Vandí IL-sjóða er vitaskuld mikið áhyggjuefni og eiga lífeyrissjóðir gríðarmikilla hagsmuna að gæta verandi eigendur um 90% þeirra bréfa sem um ræðir.

Ríkið tók upplýsta áhættu á sínum tíma með því að slá lán á markaði og lofa að greiða 3,75% verðtryggða vexti allt til ársins 2044. Jafnvel þótt Alþingi geti beitt löggjafarvaldi sínu og látið taka IL-sjóð til skipta verður ríkissjóður eftir sem áður að ábyrgjast að lífeyrissjóðir og aðrir eigendur íbúðabréfa skaðist ekki. Ríkið verður með öðrum orðum að bæta eigendum íbúðabréfa allan skaðann, ekki aðeins höfuðstól, áfallnar verðbætur og vexti heldur einnig tapaða framtíðarávöxtun samkvæmt skilmálum bréfanna.

Er það von mín að málið leysist sem fyrst og í sátt, þannig að sjóðfélagar verði ekki settir í þá stöðu að þurfa að óttast um öryggi stjórnarskrárvárinna lífeyriseigna sinna hvorki nú né í komandi framtíð.

Með ósk til landsmanna allra um gleðilega hátíð og farsælt komandi nýtt ár. ■

Að verja kaupmátt launafólks



Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Lífskjarasamningurinn sem gerður var 2019 hefur nú runnið sitt skeið. Samningurinn skilaði stöðugleika, átti mikinn þátt í hóflegri verðbólgu framan af á tímabilinu, lagði grunn að lækkun vaxta og síðast en ekki síst færði hann launafólki verulega aukinn kaupmátt. Kaupmáttaraukningin hér á landi er langtum meiri en á Norðurlöndum síðustu tíu ár eða svo.

Þetta er þrátt fyrir ófyrirséða þróun, fyrst með Covid-faraldrinum sem lagði miklar hömlur á umsvif einstaklinga og fyrirtækja. Í kjölfarið fylgdi svo innrás Rússa í Úkraínu sem hefur leitt hörmungar yfir þjóðirnar – sérstaklega þá úkraínsku. Við höfum séð hvernig framleiðsluáhrif fjölmargra vara hefur verið rofin, afhendingar dregist, flutningar tafist og þetta hefur leitt af sér vaxandi verðbólgu í heimshagkerfinu og hækkandi vexti.

Við erum minnt á það að atburðir erlendis hafa mikil áhrif hér á landi. Verðbólgan er langt umfram þau mörk sem Seðlabankinn setur og bankinn hefur brugðist við með því að hækka vexti jafnt og þétt.

Íslenska hagkerfið hefur samt sýnt mikinn þrótt og landsframleiðslan vaxið umfram það sem á sér stað í nálægum ríkjum. Kaupmáttur launa hefur haldist há og atvinnuleysi er lítið nú um stundir.

Verðbólga og háir vextir eru áhyggjuefni fyrir allan almennings sem sér fram á vaxandi vaxtagreiðslur og að útgjöld til reksturs heimilanna aukast. Ekki síður kemur þetta illa við rekstur fyrirtækjanna sem bregðast við með því að draga úr fjárfestingum, hægja á þróunarverkefnum og eiga sömu-leiðis erfitt með að bregðast við

háum kröfum um launahækkanir.

Þess vegna hefur okkur þótt ráðlegt að gera ekki nýjan kjarasamning til langs tíma heldur freista þess að ná skammtímasamningum sem gilda í rúmt ár. Þá hafa vonandi skapast aðstæður til að huga að nýjum langtímasamningi sem gæti gilt fram til ársins 2027.

Almennt er búist við að verðbólguáhrifin nú hjaðni verulega á næsta ári og þá gætu jafnframt skapast skilyrði til að vextir gætu lækkað að nýju. Það blasir við að verðbólgan nartar í kaupmátt launa og dregur úr arðsemi í atvinnulífínu. Engum er til góðs að elta verðbólguna sem einungis skapar hættu á að hún verði þrálátari en ella og seinki bata í rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og að kaupmáttur nái fyrri styrk. Ekkert er verra en að það hægi verulega á hagvexti, verðbólga aukist og vextir haldi áfram að hækka. Óraunhæfar kröfur um stórkostlegar launahækkanir geta auðveldlega leitt okkur á þá braut. Það yrði einungis til tjóns fyrir allan almennings eins og reynslan hefur margoft sýnt.

Enginn vafi er á að það er hagfelld bæði launafólki og fyrirtækjunum að tryggja stöðugleika í efnahagsumhverfinu með lágri verðbólgu og lágum vöxtum. Þá er unnt að horfa til lengri tíma og tryggja að fyrirtækin geti fjárfest til framtíðar, skapað ný störf, aukið framleiðni og þar með lagt grunn að auknum kaupmátti ráðstöfunartekna að nýju. Þá lækka vaxtaútgjöld heimilanna að nýju og smám saman geta lífskjör fólks haldið áfram að batna.

Stefnan er sú að áður en skammtímasamningi lýkur verði lagður grunnur að nýjum langtímasamningi á grundvelli Lífskjarasamningsins. Markmiðið yrði þá að kaupmáttur launa gæti styrkst á tímabili þess nýja samnings og að hann verði jafn hagfelldur launafólki og samningurinn 2019 og skapaði atvinnulífínu nauðsynlegan stöðugleika.

Hagsmunir launafólks og atvinnulífsins eru samofnir og verða ekki aðskildir. ■

Íslenskum hlutabréfamarkaði vex fiskur um hrygg



Magnús Harðarson forstjóri Nasdaq Iceland

Öflugur hlutabréfamarkaður styður við hagvöxt og nýsköpun, eykur gagnsæi í samfélaginu og gerir fjölbreytilega fjárfestingarkosti öllum aðgengilega. Hann greiðir fyrir aðkomu almennings að atvinnulífínu og arðinum af því. Það er því ánægjulegt að íslenskum hlutabréfamarkaði hélt áfram að fleygja fram á árinu þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður vegna óvissu í efnahagsmálum á heimsvísu.

Fjögur félög komu ný inn í Kauphöllina (Nasdaq Iceland). Í júní voru Ölgerðin og Nova skráð á Aðalmarkaðinn og Alvotech á First North vaxtarmarkaðinn samhliða skráningu félagsins í Nasdaq kauphöllina í New York. Alvotech varð með því fyrsta félagið sem er tvískráð á Íslandi og Bandaríkjunum. Alvotech bætti svo um betur í desember þegar félagið færði sig af First North yfir á Aðalmarkaðinn, sem varð þar með þriðja skráning félags-



ins á tæpu hálfu ári. Geri aðrir betur! Í nóvember kom Amaroq Minerals inn á First North vaxtarmarkaðinn, fyrsta málmleitarfyrirtækið til að skrá sig í Kauphöllina og einnig þrítugasta félagið á markaðnum. Óhætt er að segja að fjölbreytni fjárfestingarkosta hafi aukist. Ekkert félag í svipaðri starfsemi og Ölgerðin, Alvo-

tech og Amaroq Minerals var fyrir í Kauphöllinni.

Einstaklingum í hópi hluthafa hélt áfram að fjölga. Nú á um 31 þúsund Íslendinga hlutabréf í samanburði við 8 þúsund fyrir þremur árum. Tæplega 7 þúsund nýir hluthafar bættust við hjá Ölgerðinni og 5 þúsund hjá Nova í útboðum félags-




Aukin aðkoma erlendra fjárfesta er mikilvæg enda styður hún við fjármögnun skráðra fyrirtækja. Enn er þó mikið rými til framfara þar sem eignarhlutdeild erlendra fjárfesta á markaðnum er einungis um 10% og margfalt minni en á hinum Norðurlöndunum.

anna. Ungt fólk gerir sig æ meira gildandi. Hluthöfum undir þrítugu hefur fjölgað tvöfalt hraðar á undanförunum árum en þeim sem eldri eru. Eftir því var tekið að um fjórðungur þeirra sem tóku þátt í útboði Ölgerðarinnar var undir þrítugu. Enn er hins vegar verk að vinna þegar kemur að þátttöku kvenna sem eru

einungis um þriðjungur hluthafa í skráðum félögum.

Í september hækkaði alþjóðlega vísitölufyrirtækið FTSE Russell gæðaflokkun íslenska markaðarins úr flokki vaxtarmarkaða í flokk nýmarkaða. Við það fóru 15 íslensk félög í vísitölu FTSE fyrir nýmarkaði. Þetta hafði í för með sér tug milljarða erlent innflæði, að stórum hluta frá vísitölusjóðum, sem fjárfesta í félögum í ofangreindum vísitölum. Í tengslum við þessi tímamót urðu tvö erlend fjármálafyrirtæki, Instinet og UBS, beinir aðilar að Kauphöllinni. Aukin aðkoma erlendra fjárfesta er mikilvæg enda styður hún við fjármögnun skráðra fyrirtækja. Enn er þó mikið rými til framfara þar sem eignarhlutdeild erlendra fjárfesta á markaðnum er einungis um 10% og margfalt minni en á hinum Norðurlöndunum.

Horfur á frekari vexti markaðarins eru góðar. Almennings og erlendir fjárfestar sýna markaðnum aukinn áhuga og mikill áhugi er á skráningum hjá félögum í fjölbreytilegum atvinnugreinum, ekki síst í ferðaþjónustu. Bláa lönið stefnir á skráningu á næsta ári ef markaðsaðstæður leyfa og nokkur önnur félög í greininni eru í skráningarhugleiðingum. ■



Framlag okkar



Framlag PwC felst í því að finna lausnir við aðsteðjandi áskorunum og byggja upp traust í samfélaginu.

Þetta er okkar leiðarljós í samskiptum og viðskiptum.

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja-skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss





Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist ófeiminn við að tala um hvað íslenski þjóð gangi vel þrátt fyrir allt.

FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Tilheyrir engri klíku og skuldar engum neitt



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist líta á það sem sitt meginhlutverk að segja satt og rétt frá og gera það umbúðalaust. Þótt styr hafi staðið um störf hans á árinu segist hann líta á það sem sinn helsta styrk að vera ekki hluti af neinni klíku. Umræðan á Íslandi geti þó á köflum verið full neikvæð.

Það er óhætt að segja að gústað hafi um Ásgeir Jónsson seðlabankastjóra á árinu. Hann þykir opin-skárri en forverar hans og hefur verið óhræddur við að tjá sig með frjálsegum hætti í starfi. Hann segir umræðuna á Íslandi óþarflega neikvæða á köflum. Fólki hætti til að gleyma því hvað við höfum það í rauninni gott. En það megi alltaf gera betur og enginn sé hafinn yfir gagnrýni. Allra síst seðlabankastjóri.

Ásgeir lítur sáttur um öxl nú þegar árið er gert upp. Hann segir síðustu mánuði hafa verið viðburðaríka þótt margt af því sem bankinn hafi glímt við hafi verið miður gleðilegt.

„Kannski eru margir búnir að gleyma því en í upphafi árs vorum við enn að glíma við takmarkanir. Svo fór hagkerfið á alveg blússandi siglingu. Fór úr slaka í þenslu á mjög skömmum tíma og verður líklega

”

Sú reynsla kenndi mér að forðast meðvirkni með hagsmunaöflum. Þjóðin á heimtingu á að vita hvað er í gangi hverju sinni.

gert upp með 7 prósentu hagvexti. Það gat því aldrei endað með öðru en vaxtahækkunum.“

Umræðan oft hvöss

Ásgeir segir ekkert óeðlilegt við að fólk takist á um slíkar ákvarðanir. Þegar litið er yfir árið segist hann samt ánægður með hvernig stjórn-tækjum bankans hafi verið beitt. Þá sérstaklega hvernig skilyrði um hámarksveðsetningu og greiðslu-byrði fasteignalána hafi komið í veg fyrir lánabólu. Það hafi unnið með peningastefnunni.

„Á heildina litið var hagvöxturinn og einkaneyslan miklu meiri en nokkur sá fyrir. Húsnæðismarkaðurinn var sömuleiðis miklu kraftmeiri en búist var við. Ef hægt er að draga einhvern lærdóm af þessu mætti kannski segja að við hefðum átt að hækka stýrivexti fyrr. Samt vorum við fyrsti vestræni seðlabankinn til þess að hefja hækkun vaxta.“

Mitt í þessu öllu megi þó ekki gleyma, segir Ásgeir, að vaxtahækkunir hafi í raun verið drifnar áfram af góðum fréttum.

„Mér finnst mjög mikilvægt að halda því á lofti hvað okkur hefur, þrátt fyrir allt, tekist að halda skuldum heimila og fyrirtækja í stöðugu horfi. Ísland er ekki gírað upp í rjáfur og hækkun á húsnæðisverði hefur ekki verið rekið áfram af lánabólu. Skuldir heimilanna eru

enn um 150 prósent af ráðstöfunartekjum, sem er mun lægra en þekktist í nágrennalöndum okkar. Það er mjög mikilvægt vegna nýtt ár – sérstaklega ef við horfum fram á tímabundið bakslag í efnahagslífinu.“

Í því sambandi bendir Ásgeir einmitt á hvað okkur hafi farnast vel.

„Hér er hagvöxtur, laun hærri en erlendis og jöfnuður meiri. Lífskjör eru mjög góð á Íslandi. Í öllum samamburði.“

Að hans mati hætti Íslendingum hins vegar til að vera svolítið í neikvæða girnum. „Svona almennt séð. Það lítur þjóðfélagsmæðuna og gerir hana leiðinlega. En það er ekkert nýtt. Það er enginn búmaður nema hann barmi sér,“ segir Ásgeir.

Að hans sögn er gæðunum vissulega misskipt en þá sé mikilvægt að muna að peningastefna sé í eðli sínu velferðarstefna. „Þrátt fyrir allt eru það hinir tekjulægstu sem finna mest fyrir hækkunum og verðbólgu. Það setur enn meiri þrýsting á Seðlabankann. Að hann standi við sitt og tryggi stöðugt verðlag,“ segir Ásgeir.

Talar ekki eins og embættismaður Það áraði mjög vel í íslensku efnahagslífi þegar Ásgeir steig fyrst inn í Seðlabankann. Síðustu mánuði hafa spjótin hins vegar staðið á honum.

Hvernig hefur Ásgeiri gengið að stiga þá öldu? »

”

Ég hef reynt að útskýra fyrir þjóðinni hvað Seðlabankinn er að reyna að gera. Það tekur stundum á.

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KRINGLAN • KEFLAVÍK

Okkar gleraugnamerki í umgjörðum og sólgleraugum

Ray-Ban

GUCCI

Chloé

OAKLEY

DIOR

Cartier

SAINT LAURENT
PARIS

F
FENDI

CHROME HEARTS

DITA

CÉLINE

DOLCE & GABBANA

EMPORIO ARMANI

Alexander
McQUEEN

BOTTEGA VENETA

GIORGIO ARMANI

BURBERRY

BALENCIAGA

BVLGARI

Maui Jim

PRADA

Persol

TOM FORD

VALENTINO

VERSACE

Opticalstudio.is 511-5800



Ásgeir reynir alltaf að sjá nokkra leiki fram í tímann. Hann segir það sitt hlutverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

» „Ég vissi alltaf að sá tími kæmi að bankinn þyrfti að taka erfiðar ákvarðanir. Ég hef reynt að gera mitt besta til að útskýra fyrir þjóðinni hvað Seðlabankinn er að reyna að gera. Það tekur stundum á. Þegar ég hóf störf fékk ég að heyra að ég tali ekki eins og embættismaður. Það fór í taugarnar á sumum. Ég er hins vegar opinn og hreinskilinn að eðlisfari. Það hefur að sönnu oft komið mér í vandræði,“ segir Ásgeir.

Hann segist hafa lært að halda enn fastar í þann eiginleika þegar hann starfaði í bankageiranum fyrir hrún. „Sú reynsla kenndi mér að forðast meðvirkni með hagsmunaöflum. Þjóðin á heimtingu á að vita hvað er í gangi hverju sinni.“

Þessa lexíu segist Ásgeir hafa í heiðri í sínum störfum fyrir Seðlabankann.

„En það þýðir líka að manni er oft svarað af hispursleysi. Það er eðlilegt. Svo stígur maður stundum á sköttið á einhverjum hagsmunahópum þegar minnst er á óþægilega hluti. Og þeir svara fyrir sig. En þá skiptir mestu að taka engu persónulega.“

Tekst það alltaf?

„Svona nokkurn veginn,“ segir Ásgeir og hugsar sig aðeins um. „Ég treysti dómgreind fólks og ég treysti þjóðinni. Sannleikurinn er sagna bestur og ég veit að hann mun alltaf koma manni vel á endanum jafnvel þótt hann geti verið óþægilegur.“

Í því samhengi segir Ásgeir það mikla gæfu að vera utanaðkomandi. „Ég er utan af landi og hef löngum þótt skritinn hér í bænum. Ég er

ekki í liði með neinum. Ég gekk einn míns liðs inn í bankann í ágúst 2019. Átti enga sérstaka bandamenn, vini eða samherja hér innanhúss. Ég hef aldrei verið hluti af einhverri sérstakri klíku og skulda engum neina greiða.“

Ég er bara að reyna að standa undir þeirri ábyrgð sem mér hefur verið trúað fyrir. Burtséð frá því hvort orð eða ákvarðanir Seðlabankans komi einhverjum vel eða illa. Það eina sem skiptir máli er að þær séu réttar og vel igrundaðar. Byggðar á bestu fánalegu upplýsingum og samvisku.“

En svo segir Ásgeir það oft útbreiddan misskilning að hann standi einn að ákvörðunum Seðlabankans. „Það er ekki svo. Ákvarðanir bankans eru teknar í nefndum og undirbúnar af sérfræðingum. Ég hef alltaf lagt áherslu á að ná samhljómi innan þessara nefnda fremur en að reyna að þvinga fram mínar eigin skoðanir.“

Þá ábyrgð segir Ásgeir líta á sem mikil forréttindi. „Rétt eins og ég lit á það sem mikil forréttindi að hafa fengið að búa til nýja stofnun með samruna seðlabanka og fjármálaeftirlits. Það hefur verið heilmikil vinna sem hefur þegar skilað mjög miklum árangri.“

Ég er svo lánsamur að ég er með mikil vinnuþrek. Tek mér sjaldan frí og hef mjög gaman af því sem við erum að fást við í Seðlabankanum. En svo er ég aðeins einn maður. Seðlabankanum er í raun stjórnað af öllu því klára fólki sem hér vinnur,“ segir Ásgeir.

”

Ef hægt er að draga einhvern lærdóm af þessu mætti kannski segja að við hefðum átt að hækka stýrivexti fyrir.

Erfitt ár fram undan

En hvernig sér Ásgeir fyrir sér að næsta ár muni þróast. Verður það eitthvað í líkingu við árið sem er að líða?

„Ég held að næsta ár verði erfiðara. Ég óttast það. Efnahagshorfur fara versnandi ytra og þar af leiðandi liggur ekki fyrir hversu mikið vextir munu hækka á heimsvísu. Auk þess er viðvarandi orkuskortur í Evrópu og engin lausn í sjónmáli hvað það varðar. Allt eru þetta hættumerki og það mun þrengja að.“

Það er því viðbúið að áfram muni gusta um seðlabankastjóra?

„Það er alveg viðbúið. Íslenska hagkerfið er á góðri leið með að ofhitna. Á sama tíma og horfur fara versnandi á helstu útflutningsmörkuðum okkar. Ég óttast því að við þurfum að grípa til frekari aðgerða til að tryggja jafnvægi. Og þá að ég þurfi aftur að vera boðberi slæmra tíðinda. En ég er samt alltaf bjartsýnn að eðlisfari.“

Aðspurður segist Ásgeir ekki strengja nein sérstök heit um áramót. Hann hafi einu sinni ákveðið að hætta að taka í nefið um áramót en þar með sé það upp talið.

„En ég reyni yfirleitt að rýna í það sem er fram undan og sjá nokkra leiki fram í tímann. Sjá fyrir mér sviðsmyndir og kortleggja viðbrögð. En síðan gerast óvæntir hlutir sem kollvarpa öllu. Það eru vist örlog allra seðlabankastjóra að sitja og velta fyrir sér öllu því sem getur brugðist,“ segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri að lokum. ■

”

Íslendingum hættir til að vera svolítið í neikvæða girnum. Það litar þjóðfélags- umræðuna og gerir hana leiðinlega.

Heimsins mesta úrval næðisrýma

silen SPACE

Allt að A flokki í næði, skv. ISO 23351-1



Vinsælasta línan sem
gefur mesta næðið og flesta
möguleikana



Endurbætt útgáfa
af Silen rýmum, nú með
hjólástólaaðgangi



Parf aðeins að
stinga í samband



25-30% meiri
loftgæði en klefar frá
samkeppnisáðilum



Á hjólum



Rafmagns-
og USB tengi í
hverjum klefa



Allt að 40db
hjóðeinangrun
Flokkur A skv. ISO 23351-1



Fyrir allt
að 12 manns

MINDSPA®



Hvildarherbergi
af bestu gerð

CHATBOX BY SILEN



Einfaldleikinn
ræður för

silenoutdoor



Útirými sem hentar
öllum veðrum

www.hirzlan.is




RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



MARKAÐURINN



Ólafur
Arnarson
olafur
@frettabladid.is

Bjart fram undan en mikil óvissa

Við áramót er við hæfi að fara yfir liðið ár og horfa fram á veginn.

Árið 2022 hefur verið afleitt á mörkuðum. Íslenski hlutabréfmarkaðurinn hefur lækkað um fjórðung og skuldabréf hafa einnig lækkað. Sjaldgæft er að það gerist samhliða yfir heilt ár.

Hér á landi hafa fasteignir hækkað um meira en fimmting á árinu en víðast hvar erlendis hafa þær lækkað eins og flestir aðrir helstu eignaflokkar.

Allsérstakt er að íslenski hlutabréfmarkaðurinn skuli hafa lækkað jafn mikið og raun ber vitni vegna þess að rekstrarafkoma íslenskra fyrirtækja hefur verið með ágætum. Ícelandair hefur til dæmis lækkað í verði að undanfögnu þrátt fyrir að olíuverð hafi lækkað um meira en 30 prósent og reiknað verðmæti félagsins sé tugum prósentu yfir markaðsvirði þess, eins og kom fram hjá Snorra Jakobssyni í Markaðnum á Hringbraut í síðustu viku.

Margar góðar fréttir bærast úr íslensku viðskiptalífi á árinu. Salan á Milu gekk eftir en á tímabili leit út fyrir að hún væri úr sögunni vegna afskipta Samkeppniseftirlitsins. Origo hagnaðist um 28 milljarða á sölunni á eftirstandandi hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Tempo.

Þrátt fyrir klúður við framkvæmdina fékk ríkið gott verð fyrir hlutinn sem seldur var í Íslandsbanka í mars.

Nú í lok árs tókust kjarasamningar til eins árs hjá stórum aðilum á vinnumarkaði – samningar sem gefa vonir um viðspyrnu í verðlagsmálum og aukinn stöðugleika þegar horft er fram á veginn.

Á árinu var Alvotech skráð á Nasdaq bæði í New York og Reykjavík. Rétt fyrir júl bærast fréttir af því að samþykki bandarísku lyfjastofnunarinnar á Humira líftækni-hliðstæðunni verði á áætlun í apríl og hægt verði að markaðssetja það í Bandaríkjunum. Fjárfestar tóku þessum fréttum vel og hlutabréf þess hafa hækkað mikið. Alvotech er orðið verðmætasta félagið í íslensku kauphöllinni. Útlit er fyrir að hagur þess vænkist enn þegar Humira fer á markað í júlí.

Blikur eru þó á lofti. Seðlabankinn hefur hækkað vexti hraðar og meira en nokkur annar seðlabanki. Meira en fjórðungur heimila er með óverðtryggt lán á breytilegum vöxtum og fær þessar hækkanir af fullum þunga á sig og sama má segja um fyrirtæki.

Farið er að bera á alvarlegum fjárhagsvandræðum lítilla og meðalstórra verktakafyrirtækja vegna vaxtahækkananna og svo virðist sem Seðlabankinn kunni að hafa farið fullgeyst í að hækka vexti og viss hætta sé á mjög harðri lendingu í íslenska hagkerfinu.

Lendi mörg verktakafyrirtæki í vandræðum eða rati jafnvel í þrot getur það haft alvarleg áhrif á íbúðaframboð hér á komandi árum og áhrifa gæti jafnvel orðið vart strax á nýju ári. ■

Gleðilega hátíð



Við þökkum viðskiptavinum, starfsfólki og samstarfsaðilum samfylgdina og óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Saman umbyltum við matvælaframleiðslu á heimsvísu og mótum sjálfbæra framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Marel.com



TRANSFORMING FOOD PROCESSING



Annmarkar kristindómsins og alvarlegar afleiðingar þeirra



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og dýraverndarsinni

Kristin trú er útbreiddari en önnur trúarbrögð og er eflaust þau trúarbrögð, sem mest áhrif hafa haft á mannlíf og lífríki á þessum hnetti. Um þriðjungur mannkyns kennir sig við kristna trú, og ræður hún einkum ríkjum í hinum vestræna heimi, sem jafnframt hefur haft mest áhrif á gang veraldarsögunnar og þróun lífsins á jörðinni síðustu aldir.

Nú mætti ætla, að slíkt afl, sem hefur sannfært menn og stjórnad lífi margra í 20 aldir, búi yfir mikilli vizku, allsherjar speki og sannleika, sem dygði til að leiða mannkynið fram á við, á rétttri og uppbyggilegri braut.

Því miður er ekki svo. Að ýmsu leyti má kenna kristindóminum um, að við erum komin á yztu mörk í ofnotkun, eyðingu og spillingu jarðarinnar og lífríkis hennar.

Kristin trú gengur nefnilega eingöngu út á mannskepnuna og snýst að mestu bara um hana. Allt annað líf á jörðinni, dýralíf, loft, vatn, jörð og eldur meðalín, líka hið stórbrotna lífríki hafsins, vatnanna, jarðarinnar og loftsins, sem að magni, auðgi og mikilleika er hundrað eða þúsundfalt á við mannlífið, er einskis virt.

Er með ólíkindum, að svo takmörkuð og ófullkomin trúarbrögð skuli hafa náð jafn mikilli útbreiðslu og áhrifum og raun ber vitni.

Mönnum kann að finnast, að djúpt sé í árinna tekið, en kristindómurinn hefur leitt okkur í alvarlegan vanda, vegna skorts á framsetningu heildarmyndar lífríkisins, samhengis þess og heildarleiðsögn.

Kristnir menn hafa miðað hugsun sína, skyldur og gjörðir við Guð og aðra menn.

Stórkostlegt milljónfalt dýraríki, jurtir, gróður hverskonar, tré, vatn í margvislegu formi, loft, fjöll og firnindi – okkar stórkostlega móðir



”
Kristin trú gengur nefnilega eingöngu út á mannskepnuna og snýst að mestu bara um hana.

jörð – allt hefur þetta verið virt að vettugi og á það gengið af tillitsleysi, heimtufrekju, græðgi og grimmd.

Hér var og er eyðimörk í kristilegum boðskap, og vantar kristna menn því með alvarlegum hætti leiðbeiningar og leiðsögn í þessum grundvallarefnum.

Þúsundum dýrategunda hefur verið útrýmt, gróðri og trjám eytt, lofti, vatni og jarðvegi spilt, lífríkið í heild sinni keyrt fram á yztu nöf, allt í þágu mannskepnunnar, henni til gleði, fullnægingar og friðþægingar, án forsjar.

Hvað er með börnin okkar og barnabörn og framtíð þeirra á þessari stórkostlegu plánetu, sem svo

var og er enn að nokkru?

Kristindómurinn virðist hafa gleymt fyrirsjá og fyrirbyggju, verndun og varðveislu sköpunarverksins, sem maðurinn þó er algjörlega háður og getur ekki lifað án.

Við eigum bara eina jörð

Dýrin voru talin skynlaus, tilfinningalaus, andlaus og misþyrming og misnotkun þeirra sjálfsögð. Botnlausri og fyrirbyggjulausri nýtingu lífríkisins voru engin takmörk sett.

Boðorðin 10 fjalla eingöngu um skyldur manna gagnvart Guði og mönnum. Ráðgjöf eða tilmæli, svo að ekki sé talað um kvaðir eða skyldur, gagnvart öðrum lífverum og hinu stórkostlega sköpunarverki almættisins – sama guðsins – er nánast hvergi nefnd.

Hugsun og boðskapur Búddisma er hins vegar miklu djúptækari, vídtækari og fullkomnari, og er illt til þess að vita, að hann skuli ekki hafa náð meiri fótfestu og haft meiri áhrif, en auk mikillar mannúðar, samkenndar og sannrar þroska-leitar, nær Búddismi til alls, sem lifir, í hvaða formi sem er.

Fyrsta lífsregla (boðorð) Búddista er: „Ég mun leggja mig fram um, að skaða ekki aðrar lífverur“ (í hvaða formi sem er).

Önnur lífsregla: „Ég mun leggja

mig fram um, að taka mér ekki það, sem mér hefur ekki verið sérstaklega gefið“ (þetta á ekki aðeins við um eigur manna, heldur allt, sem er og býr í óendanlegu sköpunarverkinu).

Í rannsókn, sem birt var í hinu virta bandaríska vísindariti PNAS fyrir nokkrum árum, er niðurstaðan sú, að „sjötta fjöldaútrýming dýrategunda jarðar sé hafin“. Er sagt, að fækkun dýra hafi verið gríðarleg um alla jörð. Í lokin er talað um „líffræðilega tortímingu“.

Í nýrri skýrslu WWF og Zoological Society of London, sem birt var nú í haust, er þessi „líffræðilega tortíming“ staðfest, en rannsóknir á vegum þessara aðila sýna, að milli áruna 1970 og 2020, á 50 árum, hafði dýrum á jörðinni fækkað um 70%.

Margir vísindamenn telji, að við séum nú að verða vitni að mestu útrýmingu lífs á jörðinni síðan tími risaeðlanna rann sitt skeið. Í það skipti var það þó risastór loftsteinn, sem slysinu og útrýmingunni olli, en nú er það grunnhyggið, fyrirhyggjulaust, gráðugt og óupplýst og leiðsagnarlaust mannfólkið, sem veldur.

Hvernig má það vera, að stór hluti manna virðist vera blindur fyrir þessari þróun og stöðu, sem þó er hrikaleg ógnun við afkomu og velferð – líf og tilveru – barnanna okkar!?

Ef útrýming dýra er yfirferð á mannkynið, þá jafngildir hún því, að allir íbúar Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Afríku, Eyjaálfu og Kína hefðu farizt og horfið síðustu 50 árin. ■

Flug aðra leið til
Tenerife
í janúar

Flugsæti
Flug aðra leið frá
19.975

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Chang
COLD BREW
COOL CLUB
PRESENTS

NEON
COUNTDOWN

30-31 DEC 2022 01 JAN 2023

MARTIN GARRIX · DIMITRI VEGAS & LIKE MIKE · AFROJACK
ALAN WALKER · AXWELL · COONE · DA TWEEHAZ
LOST FREQUENCIES · NERVO · VINI VICI
BEN NICKY · CESQEAUX · CHASNER · DIMATIK
FATIMA HAJJI · GIUSEPPE OTTAVIANI · JULIAN JORDAN
JUSTIN MYLO · MYKRIS · RESTRICTED
BLINK · CHUKIESS & WHACHBOI · DJ JUNIOR · FRAHSAI X MASTERMIND
PIXZY · TONG APOLLO X PERRY ROCK · AND YOU!

WONDER WORLD EXTREME PARK, BANGKOK, THAILAND

Tímamót

1612 Galileo Galilei verður fyrstur til að taka eftir plánetunni Neptúnusi, en taldi hana ranglega vera fastastjörnu.

1836 Spánverjar viðurkenna sjálfstæði Mexíkó.

1846 Iowa verður 29. fylki Bandaríkjanna.

1887 Briet Bjarnhéðinsdóttir flytur fyrst kvenna á Íslandi opinberan fyrirllestur í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík sem nefnist Um kjör og réttindi kvenna.

1894 Mikið ofviðri gerir á vestan og veldur talsverðum skaða í Reykjavík.

1908 75.000 manns láta lífið í jarðskjálfta á Sikiley.

1927 Karlakórinn Heimir er stofnaður.

1965 Skammt frá Surtsey ris önnur eyja úr hafi og er nefnd Jólnir. Hún er með öllu horfin innan eins árs.

1967 Borgarspítalinn í Fossvogi er formlega tekinn í notkun.

1981 Fyrsta bandaríska glasabarnið fæðist.

1983 Vogur, áfengis meðferðarstöð SÁA, tekur til starfa.



Oddný er þessa dagana að koma fótunum undir eigin bókaútgáfu, Eirorm.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skautar, vöfflur og Disneyland

Stórafmælisbarn dagsins er rithöfundurinn Oddný Eir Ævarsdóttir sem fagnar fimmtú árum í dag.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég hef alltaf hlakkað til þess að verða fimmtug og er afar þakklát fyrir að ná þeim aldri,“ segir Oddný Eir Ævarsdóttir, afmælisbarn dagsins, og bætir við að hún vonist til að geta fagnað fleiri stórafmælum enda eigi hún ungan son. Hún heldur í gamla afmælishefð í til efni dagsins. „Það hefur verið síður hjá mér að fara á skauta á afmælinu og mér sýnist ég geta haldið því til streitu. Ef það er búið að ryðja þá er það Tjörninn eða Ingólfstorg.“

Afmælisdagskránni er þó ekki lokið. „Mér var boðið að koma og fylgjast með hraðskákmóti kvenna, svo ég kiki kannski þangað,“ segir Oddný sem

velti því fyrir sér að halda stóra veislu á afmælinu. „Ég bið aðeins með það en hef kannski vöfflukaffi fyrir mína nánustu í staðinn. Svo ætlum við mæðginin að fara til Parísar og heimsækja Disneyland í tilefni tímamótanna einhvern tímann með vorinu.“

Koparsnákar og norðurljós

Þessa dagana er Oddný að koma fótunum undir sína eigin bókaútgáfu sem nefnist Eirormur.

„Það er í höfuðið á þessum undarlega koparsnáki sem guð benti Móses á að búa til og setja á stöng þegar snákafaraldurinn gekk yfir,“ útskýrir hún. „Ég hef haft tilhneigingu til að fresta útgáfu og halda áfram að vinna að verkunum svo það er mikið uppsafnað hjá mér. En ég er að gefa út þrjár ljóðabækur loksins núna. Ég er mikil seinlöpp og ég er að vona að ég muni hætta því núna þegar ég er orðin fimmtug.“



Ég er mikil seinlöpp og ég er að vona að ég muni hætta því núna þegar ég er orðin fimmtug.

Oddný er fljót að rifja upp sína uppáhalds afmælisminningu.

„Ég man það þegar við bjuggum upp á Hólsvöllum, fjölskyldan, þá áttum við að fara í jólaveislu í Möðrudal á afmælisdaginn minn þegar við festum bílinn í skafli,“ segir hún. „Við urðum að ganga stóran hluta leiðarinnar yfir Möðrudalsöræfin. Það voru ofboðslega mikil norðurljós og stjörnuþjart, svo það hlýtur að vera mín fallegasta afmælisminning.“



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Björgvin Sigurðsson

prentari,

Skólabraut 5, Seltjarnarnesi,

lést á Landakotsspítala mánudaginn 19. desember.

Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju í dag, miðvikudaginn 28. desember, kl. 13.

Gylfi Kristinsson
Hilmar Kristinsson
Snorri Kristinsson

Jónína Vala Kristinsdóttir
Margrét Hauksdóttir
Kristjana Jósefa Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Elsku maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Reynir Sigurjónsson

viðskiptafræðingur,

Boðahlein 29, Garðabæ,

varð bráðkvaddur á heimili sínu

19. desember síðastliðinn. Hann verður

jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju 9. janúar næstkomandi kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvíni Grensásdeildar. Streymt verður frá útförinni.

Henný Júlía Herbertsdóttir

Heiður Reynisdóttir

Sigríður Reynisdóttir **Michael Erínfolami**
Gabriel Gauti, Hekla Júlía, Þórunn Dúna og Tómas Tumi



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Kristbjörg Ólafsdóttir

frá Bergvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni,

23. desember. Við viljum þakka

starfsfólki heimilisins fyrir umhyggju og góða umönnun. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Jón Vikar Jónsson
Karitas Erla Jóhannesdóttir
Jakobína J. Jóhannesdóttir
Ólafur P. Jóhannesson
Dóra St. Jóhannesdóttir
Sveinbjörn V. Jóhannesson

María Guðmundsdóttir
Guðmundur Hafsteinsson
Ólafur H. Steingrímsson
Andrea Ingibjörg Gísladóttir
Sigrún Jóna Héðinsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rafn Gunnarsson

Huldugili 34, Akureyri,

lést á aðfangadag 24. desember

á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,

Valdís Erla Eiríksdóttir
Hafdísjó Björk Rafnsdóttir
Gunnar Rafnsson
Þorsteinn Frimann Rafnsson

Arnþór Elvar Hermannsson
Sigurður Gunnlaugsson
Gréta Grétarsdóttir
Sólveig Þórarinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Gunnar I. Waage

Sléttuvegi 27, Reykjavík,

lést þann 18. desember síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 28. desember klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast Gunnars er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

Benedikt G. Waage
Davíð G. Waage

Ólöf Björnsdóttir
Carolina Castillo
Alexander, Ísabella, Emma Björk
Ólöf Erla I. Waage



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Pétur Ármann Jóhannsson

Leynisbraut 32, Akranesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi

miðvikudaginn 21. desember.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á

Lionsklúbb Akraness, kennitala 530586-1469, banki 0186-26-17754.

Sigurveig Kristjánsdóttir

Jóhann Pétur Pétursson **Ingibjörg Torfadóttir**
Berglind Ósk Pétursdóttir **Jón Vilhelm Ákason**
afabörn



Kær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Örn Sigurðarson

Kristnibraut 63, Reykjavík,

lést þann 19. desember sl. á Ljósheimum

á Selfossi. Kveðjustund fer fram frá

Selfoskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Pieta samtökin.

Elfa Bryndis Þorleifsdóttir

Eva Arnardóttir **Gunnar Sveinsson**
Sigurður Órvar Arnarson **Anne Tove Svanevík**
Ragnhildur Mjöll Arnardóttir **Stefán Flego**
afabörn og langafabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ÁRAMÓTIN ERU KOMIN Í PARTÝBÚÐINA

KVÖLDOPNUN MILLI JÓLA OG NÝÁRS

OPIÐ TIL 17:00 Á GAMLÁRSDAG

SENDUM
UM LAND
ALLT



PARTÝBÚÐIN

FAXAFEN 11 • 108 REYKJAVÍK

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Útkall** Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.00 Bíóbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.30 KrakkaRÚV**
- 10.00 Fólkið í blokkinni**
- 10.55 Grimmileg hefnd Gilberts**
- 12.20 Yngsta dragdrottning Danmerkur - Jólafsumsýning**
- 12.50 Heimaleikfimi**
- 13.00 Kastljós** Annáll.
- 13.30 Kveikur**
- 14.10 Fyrsti arkitektinn** Rögnvaldur Ólafsson.
- 14.45 Söngvaskáld** Eyjólfur Kristjánsson.
- 15.35 Í blíðu og stríðu - Sambúð eða vígsla?**
- 16.05 Nautnir norðursins** Færeyjar.
- 16.35 Heilabrot**
- 17.05 Matarmenning - Kaffi**
- 17.35 Út og suður**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hæ Sámur**
- 18.08 Símon**
- 18.13 Lundaklettur**
- 18.20 Örvar og Rebekka**
- 18.32 Hvernig varð þetta til?**
- 18.35 Blæja**
- 18.42 Minnsti maður í heimi**
- 18.43 Haddi og Bibbi**
- 18.45 Lag dagsins** Hipsumhaps - Þetta er lífið sem mig langar í
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós** Menningarannállinn
- 20.10 Útgáfutónleikar með Eivöru**
- 21.40 Því spurði enginn Evans? Why Didn't They Ask Evans?**
- 22.40 Child 44** Barn númer 44 Spennumynd frá 2015 með Tom Hardy, Gary Oldman og Noomi Rapace í aðalhlutverkum. Árið er 1952 og rússneskur lögreglumaður eltist við raðmorðingja sem myrðir börn. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
- 01.00 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 08.00 Kapteinn Sköglutönn og töfrademanturinn - isl. tal**
- 09.20 Paddington** isl. tal
- 10.50 Önd önd gæs - isl. tal**
- 12.20 Christmas on Wheels**
- 13.40 Love Island Australia**
- 14.40 Missir**
- 15.20 Matarboð**
- 15.55 Elska Noreg**
- 16.30 Pride, Prejudice and Mistletoe** Falleg og hugljúf jólamynd.
- 17.55 Home Again**
- 19.30 Love Island Australia**
- 20.30 Four Weddings and a Funeral**
- 22.25 Genius**
- 00.05 Licorice Pizza**
- 02.15 Love Island Australia**
- 03.15 Silent Night** Kolsvört kómédia frá 2021 með Keira Knightley, Matthew Goode og Lily-Rose Depp í aðalhlutverkum.
- 04.45 Tónlist**


Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.15 Cold Case**
- 10.00 Mr. Mayor**
- 10.20 Masterchef USA**
- 11.00 Um land allt**
- 11.40 30 Rock**
- 12.20 Eldað af ást**
- 12.30 The Carrie Diaries**
- 13.10 Ísskápastríð**
- 13.45 The Dog House** Stórgóðir þættir um starfsfólk Wood Green sem er góðgerðastofnun sem sérhæfir sig í að finna hið fullkomna heimili fyrir heimilislausa hunda.
- 14.30 Lóa Pind. Snapparar**
- 15.05 The Heart Guy**
- 15.50 Shark Tank**
- 16.30 Jamie and Jimmy's Festive Feast**
- 17.15 Bold and the Beautiful**
- 18.20 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Annáll 2022**
- 19.00 Ísland í dag**
- 19.25 Britain's Got Talent. The Ultimate Magician**
- 20.50 The Good Doctor**
- 21.35 60 Minutes**
- 22.20 Unforgettable**
- 23.05 NCIS**
- 23.45 Eurogarðurinn**
- 00.45 Between Us**
- 01.25 Cold Case**
- 02.05 Mr. Mayor**
- 02.25 30 Rock**
- 03.10 The Carrie Diaries**

Bíóbærinn fer yfir árið

Bíóbærinn er kvikmyndaumræðuþáttur í umsjá Gunnars Antons Guðmundssonar ásamt fastagestinum Árna Gesti Sigfússyni. Í þætti kvöldsins gera Gunnar Anton og Árni Gestur upp kvikmyndaárið og rifja upp eftirminnilegustu kvikmyndir ársins.

Þá fara þeir félagar einnig yfir þær kvikmyndir sem væntanlegar eru á næsta ári og þykja líklegastar til að vekja athygli og vinsældir árið 2023.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 ferma
5 tré
6 í röð
8 seinlæti
10 óró
11 léleg
12 frá
13 hlunnindi
15 þokki
17 vitleysa

LÓÐRÉTT

- 1 nennuleysi
2 þolinmæði
3 atvikast
4 ábati
7 jafnhliða
9 fugl
12 skaði
14 seinka
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 rs, 8 tregða, 10 í, 11 am, 12 burt, 13 itak, 15 fegurð, 17 firra.
LÓÐRÉTT: 1 leitill, 2 eiró, 3 ske, 4 arður, 7 sam-tíða, 9 gaurur, 12 bagli, 14 tef, 16 rr.

Sudoku

	4		9			7
5		8		1	7	9
6					8	
7	8		5			3
3			4		2	
2						
			3		6	9
			9	5		
	5	3		8	1	2

						1
			7	9		8
		5	3		6	
				5		3
	8			9	7	
		1	2		3	5
	3			2		8
9						4
1	2	8				6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FKA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fina staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
Sími 550-5656/ waage@torg.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



MARKAÐURINN

Í KVÖLD KL. 19.00 OG 21.00


Í þættinum er farið yfir allt það helsta sem þótti standa upp úr í íslensku viðskiptalífi á árinu og rætt við Orra Hauksson, forstjóra Símans, sem að mati dómnefndar Markaðarins er viðskiptamaður ársins.



markadurinn.is



HRINGBRAUT



Menningarátök ársins 2022

Það má segja margt um árið 2022 en tíðindalaust var það alls ekki. Fréttir ársins voru uppfullar af skandölum og var menningarlífið þar engin undantekning. Fréttablaðið fer yfir nokkur helstu menningarátök ársins hér á landi og víðar.

tsh@frettabladid.is



Sem á himni er dramatísk sýning sem olli enn meira drama í samfélaginu. MYND/JORRI

Dramað í Þjóðleikhúsinu

Í byrjun september frumsýndi Þjóðleikhúsið söngleikinn *Sem á himni* eftir Carin og Kay Pollak byggðan á samnefndri kvikmynd. Verkið átti að verða flaggskip leikhússhaustsins og marka nýtt upphaf hjá Þjóðleikhúsinu eftir hamfarir Covid-árunna.

Verkið féll þó í grýttan jarðveg í menningarlífinu og voru aðstandendur sýningarinnar og leikhússins harðlega gagnrýndir fyrir þá ákvörðun að láta ófatlaðan leikara fara með hlutverk fatlaðs manns í sýningunni. Heitar umræður sköpuðust um verkið og hlutverk leikhússins eftir að Nina Hjálmarasdóttir birti harðorða gagnrýni um *Sem á himni* í Víðsjá þar sem hún sagði meðal annars: „Verkið er eintóm froða, uppfull af illa skrifuðum persónum og klisjukennndri framsetningu.“

Þó má segja að fjölmiðlastormurinn hafi leitt eitthvað gott af sér enda boðaði Þjóðleikhúsið til málþings um hlutverk listarinnar og inngildingu jaðarhópa í samstarfi við ÖBÍ, Proskahjálp, Bandalag íslenskra listamanna, Sviðslistasamband Íslands og Listaháskóla Íslands þar sem góð og þörf umræða átti sér stað.

Önnur menningarátök sem má einnig nefna

- Brotthvarf Bókabilsins
- Lokun Stjórnutorgs
- LXS gegn RÚV
- Bókabjórurinn bíræfni gómaður af FBI
- Balenciaga-tiskuskandallinn
- Ráðning þjóðminjavarðar



Kanye West á í einni blóðugustu skilnaðar- og miðaldrakrísu í manna minnum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kanye West gegn heiminum

Tónlistarmaðurinn Kanye West, eða Ye eins og hann er kallaður, hefur ekki átt sjö daga sæla. Samband hans við raunveruleikaþáttastjórnuna Kim Kardashian beið skipbrot árið 2021 með formlegum skilnaði í nóvember 2022 og hefur líf Ye verið eins og lestarslys í beinni allt þetta skeið.

Ye hefur aldrei legið á skoðunum sínum en undanfarna mánuði hafa fordómfull ummæli hans um gyðinga og öfgafullar stjórnmalaskoðanir vakið hneykslan og reiði heimsbyggðarinnar. Í byrjun október kom Ye fram á tiskuvíkunni í París klæddur í bol merktum hægrifga-slagorðinu „White Lives Matter“. Nokkrum dögum síðar var Instagram-aðgangi Ye lokað eftir að hann birti samtali við rapparann P. Diddy þar sem hann ásaði hinn síðarnefnda um að vera strengjabrúða gyðinga. Segja má að Ye hafi um þetta leyti gengið berserksgang á internetinu með andsemitísk viðhorf sín. Um svipað leyti birti hann tíst sem var túlkað sem ofbeldishótun gagnvart gyðingum og olli því að Twitter-aðgangi Ye var tímabundið lokað og nokkrum mánuðum síðar mærdi hann Adolf Hitler í spjallþætti samsæriskenningsmiðsins Alex Jones.

Þessi rússíbanareið Ye hefur ekki aðeins haft áhrif á mannorð hans heldur valdið honum milljarðatapi eftir að samstarfsaðilar á borð við Adidas hafa yfirgefið tónlistarmanninn í hrönnum. Margir eru því eflaust dauðfegnir að hugmynd Arons Kristins Jónassonar úr ClubDub um að reisa stytta af Ye við Vesturbærjaug varð ekki að veruleika.



Loftslagsaktivistar hafa ítrekað beint spjótum sínum að þekktum listaverkum á árinu 2022.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Loftslagsaktivistar gegn listheiminum

Baráttan gegn hnattrænni hlýnun er að verða æ örvæntingarfullri, sem er kannski ekki skrytið enda er jörðin bókstaflega að steikjast fyrir augum okkar, og eru mótmælendur nú byrjaðir að beina spjótum sínum að ólíklegum söku-dólgi, listheiminum.

Í október síðastliðnum voru tveir loftslagsaðgerðasinnar á vegum samtakanna Just Stop Oil handteknir eftir að hafa skvett súpu á málverkið *Sólblómin* eftir Vincent van Gogh í National Gallery í Lundúnum. Gjörningurinn náðist á myndband og þar sjást tvær ungar konur, Phoebe Plummer og Anna Holland, skvetta hvor sinni dósinni af Heinz-tómatsúpu á hið sögufræga málverk áður en þær líma sig við vegg safnsins.

„Hefur þú meiri áhyggjur af því að málverk njóti verndar heldur en jörðin okkar og fólkíð?“ sagði hin 21 árs Phoebe Plummer.

Sambærileg mótmæli hafa átt sér stað í Vín þar sem mótmælendur hentu svörtum oliukenndum vökva á málverk eftir Gustav Klimt, í Róm þar sem mótmælendur réðust með súpu á annað verk eftir van Gogh og í Den Haag þar sem mótmælendi límdi höfuð sitt við málverkið *Stúlka með perlueyrnalokk* eftir Johannes Vermeer. Verkin hafa í flestum tilfellum ekki hlotið neinn skaða af en þó er ljóst að fyrir margt fólk hafa þessir gjörningar þveröfug áhrif og gera það afhuga loftslagsbaráttunni í stað þess að vekja það til umhugsunar.



Bryndís Björnsdóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir fóru vægast sagt óhefðbundnar leiðir í sinni list-sköpun. MYND/ADSEND

Stolna stytta

Um miðjan apríl hvarf bronsstytta sem er afsteypa af verkinu *Fyrsta hvíta móðirin* í Ameríku eftir myndhöggvarann Ásmund Sveinsson af stöpli sínum á Laugarbrekku á sunnanverðu Snæfellsnesi. Hvarfið vakti furðu en enn skrytnari uppgötvun beið aðstandenda þegar stytta skaut upp kollinum á sýningu Bryndísar Björnsdóttur og Steinunnar Gunnlaugsdóttur í Nýlistasafninu. Listakonunum var gefið að sök að hafa tekið stytta ófrjálsri hendi og komið henni fyrir í nýju verki, eins konar geimflug úr brotajárni, sem þær nefndu *Farangursheimild*. Ástæða þessa gjörnings var sú að þeim þótti upphaflegt verk Ásmundar vera rasískt og vildu vekja fólk til umhugsunar um það.

Gjörningur Bryndísar og Steinunnar olli fjaðrafoki og ritdeilum víða í samfélaginu og voru listakonurnar kærðar fyrir þjófnað sem þær þvertóku þó fyrir.

„Verkið *Fyrsta hvíta móðirin* í Ameríku kjarnar í okkar huga hugmyndafræði sem ríkti í íslensku samfélagi þegar stytta var gerð – og ríkir enn í dag. Sú hugmyndafræði heitir rasismi,“ sagði í yfirlýsingu sem Bryndís og Elin sendu frá sér.



Ragnar Kjartansson sýndi Úkraínunömmum stuðning í verki með því að loka sýningu sinni í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Frá Moskvu með reiði

Ein stærsta sýning myndlistarmannsins Ragnars Kjartanssonar á undanföllum árum, *Santa Barbara*, var opnuð í samtímalistasafninu GES-2 í Moskvu í desember 2021. Daginn eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu 24. febrúar á þessu ári tók Ragnar þá ákvörðun að slaufa sýningunni.

„Þetta safn var bara svona eins og partur af þessu gamla Rússlandi sem var til fyrir 24. febrúar. Þarna voru tengsl við vestræna list og menningu og það bara endaði allt 24. febrúar. Þetta var eiginlega engin spurning, við báðum þau bara vinsamlegast um að slaufa öllu saman,“ sagði Ragnar í viðtali við Fréttablaðið í vor.

Fjölmiörg mikilvæg verk var að finna á sýningunni eftir Ragnar og aðra listamenn, þar á meðal frumeintak af bók Guðmundar Thorsteinssonar, *Muggs*, um Dimmalimm. Áhyggjur voru uppi um afdrif þessara verka en að sögn Ragnars tókst að koma þeim öllum úr landi.

Ragnar aðstoðaði einnig við ævintýralegan flóttu rússnesku gjörningalistakonunnar og aðgerðasinnans Mariu (Möshu) Alyokhina, forsprakka Pussy Riot, frá Rússlandi. Það má því leiða að líkur að hinn geðþekki listamaður Rassi Prump sé ekki hátt skrifaður hjá Pútín og hans kónum núna.

Draumaeyjan
Tenerife

25. JANÚAR Í 7 NÆTUR

Fyrir 2

Flug & hótél frá

80.450

á mann

BÓKAÐU SÓL Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is



Strúdelegt verð til **Gran Canaria** í janúar

Jardin del Atlantico

📅 2. janúar í 8 nætur

★★★★



VINSÆLT

GÓÐ STAÐSETNING

8 nætur

FRÁ KR. 96.750 Á MANN

M.V. 2 FULLORÐNA EÐA FRÁ **143.500** KR. M.V. 1 FULLORÐINN

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, ÁN FÆDIS.

San Valentín & Terraflor Park

📅 10. janúar í 21 nótt

★★★★



VINSÆLT

GÓÐ STAÐSETNING

21 nótt

FRÁ KR. 199.300 Á MANN

M.V. 2 FULLORÐNA EÐA FRÁ **348.600** KR. M.V. 1 FULLORÐINN

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, ÁN FÆDIS.

Kanarí með Önnu Leu & Bróa

📅 10. janúar í 21 nótt

★★★★★



FJÖLBREYTT SKEMMTIDAGSKRÁ

M/ HÁLFU FÆÐI

60+ ferð í 21 nótt

FRÁ KR. 299.900 Á MANN

M.V. 2 FULLORÐNA EÐA FRÁ **459.900** KR. M.V. 1 FULLORÐINN

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, HÁLFT FÆÐI.

Fleiri gistinguöguleika má finna á heimsferdir.is



**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

 **Heimsferðir**



595 1000

www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu


Miley vill burt af plötu Morrissey

ninarichter@frettabladid.is

Í tilkynningu á vefsíðu sinni dagana 22. til 24. desember tilkynnti enski söngvarinn Morrissey að hann hefði slitið samstarfi við útgáfufyrirtækið Capitol Records, merkilegt nokk, skömmu áður en það hafði tækifæri til að gefa út nýjustu plötu söngvarans. Þá bætti hann við að bandaríska söngkonan Miley Cyrus hefði beðið um að allt efni frá henni yrði fjarlægð af plötunni.

Lagið sem Miley söng inn á heitir I am Veronica og segir Morrissey við sama tækifæri að hún hafi boðist til að syngja bakraddir í laginu fyrir rúmum tveimur árum síðan.

Morrissey, sem er fyrrverandi forsöngvari breska bandsins The Smiths, hefur stundað marga fyrrverandi aðdáendur sína og samstarfsmenn á undanförunum árum með því að halla sér til hægri með pólitískum yfirlýsingum og hafa ummæli hans verið túlkuð sem rasísk. ■



Stemningsannállinn #ársins leggur upp laupana

Íslenskur lögfræðingur gerir upp árslista „ársins“ á Twitter í síðasta sinn, en hann hefur haldið úti árslistum í sex ár þar sem veitt eru „verðlaun“ í óvenjulegri flokkum á borð við smitleið, vedurfrettamann og bílauglýsingu ársins, svo fátt eitt sé nefnt.

ninarichter@frettabladid.is

„Þetta er hattur sem ég set á mig um áramótin,“ segir lögfræðingurinn og Twitter-notandinn Guðmundur Haukur Guðmundsson, höfundur #ársins-árslistans sem nýtur mikilla vinsælda á fuglaforritinu um hver áramót.

Guðmundur, sem hefur verið skráður á Twitter frá árinu 2013 undir notandanafninu @gudmundurhg, segist ekki virkur á miðlinum þess á milli. „Ég er ekki sjálfur að leggja mikið í þúkið, nei.“

Að sögn Guðmundar hefur andrúmsloftið á svokallaða „íslenska Twitter“, það er samfélagi íslenskra notenda miðilsins, breyst mikið síðan hann skræði sig þar fyrst.

„Í dag er þetta svolítið gírað. Ég held að það sé besta lýsingin. Þetta er búíð að breytast rosalega mikið síðustu ár. Það eru fleiri byrjaðir að nota þetta. Fyrir mig var þetta aðallega fótbolti og fréttir í upphafi, en í dag er þjóðfélagsmæðan svolítið tekin þarna. Það versta er að þetta er tekið í 240 stafabílum, sem getur verið galli.“

Árið 2016 hóf Guðmundur að taka saman árslistana undir myllumerkinu #ársins. „Þá fannst mér



Mér fannst fyndið að veita verðlaun fyrir eitthvað eins og handaband ársins.



Guðmundur Haukur Guðmundsson, lögfræðingur

svo fyndið að fara að veita einhver verðlaun sem eru ekki veitt venjulega. Það eru alltaf veitt þessi hefðbundnu: viðskiptamaður ársins og allt þetta. Mér fannst fyndið að veita verðlaun fyrir eitthvað eins og handaband ársins eða húsvörður ársins. Þannig fór þetta af stað,“ segir hann.

Fljótlega varð #ársins-fyrirbærið vinsælt, og lækin hófu að hrannast inn. „Hægt og rólega sprakk þetta út, sem var ekkert planið. En að öllum líkindum er þetta í síðasta skipti sem „ársins“ verður,“ segir Guðmundur.

Hvað varðar ástæðurnar, svarar hann blátt áfram. „Þetta er tímafrekt og ekki borgað.“

Að sögn Guðmundar liggur nokkur vinna að baki árslistanum. „Til þess að gera efnið almennilegt þarf

að safna upplýsingum yfir árið, yfir það sem er fyndið og skemmtilegt,“ útskýrir hann. „Þetta er stemningsannáll. Þetta er eitthvað sem þú myndir ekki sjá í hinum hefðbundna fréttannál. Þetta er önnur útfærsla.“

Hann segir Twitter vera nokkuð formfastan miðil. „Þú getur ekki gert allt sem þú vilt. Miðillinn sem slíkur er með reglur. En að öllum líkindum er þetta í síðasta skipti,“ segir Guðmundur og vafalaust eru þeir ófærir notendur miðilsins sem syrgja árslistann góða, enda fáir staðir á netinu sem bjóða upp á yfirlit yfir kennslustund ársins, hópmynd ársins og svindlara ársins.

Margir flokkar hafa dúkkað upp í gegnum tíðina, og radast flokkarnir eftir tilefni hverju sinni. Aðspurður hvort Guðmundur eigi sér eftirlætis flokk, svarar hann:

„Þessi verðlaun eru mismunandi á milli ára. Ég held að uppáhalds molinn minn sé nákvæmni ársins, hjá rithöfundum sem er hjá Agli Helgasynti, sem er að telja upp hvað hann er búinn að gefa út margar bækur. Ég held að það sé minn uppáhalds moli,“ svarar hann.

Á aðfangadag kláraðist #ársins fyrir þetta ár. „Svo ætla ég að rifja upp uppáhalds molana mína til áramóta og síðan slaufa þessu,“ segir Guðmundur og nýtir tækifærið til að þakka lesendum #ársins samfylgdina og einnig aðsent efni. „Takk fyrir aðstoðina. Þessir stuðningsmenn leynast víða og það er gaman og hlýjar manni,“ segir lögfræðingurinn Guðmundur, höfundur #ársins. ■

Ísland áberandi í Witcher-þáttum

ninarichter@frettabladid.is

Vilhelm Neto er í hópi íslenskra leikara sem bregður fyrir í stuttseríunni The Witcher: Blood Origin sem frumsýnd var á Netflix-streymisveitunni á júlalag. Íslensk náttúra er í forgrunni í þáttunum og fjöldi tókustada er á halendi Íslands auk tókustada á Suðurlandsundirlöndunum.

Vilhelm Neto, Villi, leikur durglegan álf sem á í samskiptum við eina af aðalpersónum þáttanna, Fjall, sem leikinn er af Íranum



Hinn geðþekki Vilhelm Neto gleður íslenska áhorfendur.

Laurence O'Fuarain. Þá eru fleiri íslenskir leikarar í þáttunum, má þar nefna Eyrúnu Björk Jakobsdóttur sem þekkt er fyrir leik í kvikmyndinni Lof mér að falla, í eftirminnilegu aukahlutverki.

Þættirnir segja forsögu eldri Witcher-þátta sem sýndir hafa verið á streymisveitunni síðustu ár. The Witcher Blood Origin er þannig sjálfstæð þáttaröð, en þegar eru til tveir eldri þáttaröðir af The Witcher með Henry Cavill í aðalhlutverki, sem segja sögu sem gerist 1.200 árum síðar. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson gudmundur@torg.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð audur@frettabladid.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeinn@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is. RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrónnar Helgason hronnar@frettabladid.is. TIMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Anna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is

www.betrabak.is

ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




60% AF DIMMA SÆNGURFÖTUM




25% AFSLÁTTUR AF TIMEOUT



20% AFSLÁTTUR AF MAGNEFIQUE



30% AFSLÁTTUR AF YL INNISKÓM



Verð og vörupplýsingar, auglýsingunnar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAKAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Vítamín bomba

27. desember - 1. janúar

HAGKAUP



Now



Iceherbs



KeyNatura



Natures Aid



Guli miðinn



Your Super



Bakþankar



Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Orð

Það er gaman að velta fyrir sér orðum og orðræðu samtímans. Það er alls konar tíska í orðnotkun. Sum orð tolla í tískunni og svo virðist sem orðið „geggjað“ sé eitt af þeim. Önnur orð og orðatiltæki eru dottin úr móð (!), enginn segir „punktur“ eða „já, sæll“ lengur.

Það er sérstaklega skemmtilegt að skoða og stúdera orðræðu valdhafa. Velta fyrir sér hvaða orðatiltæki eru vinsælust á hverjum tíma og hvað stenst tímann. Spá í af hverju fólk talar oft úr takti við almenna málvenju og hálfpartinn eigið tungumál.

Innviðir voru um nokkra hríð afar vinsælt orð, raunar svo vinsælt að heilt ráðuneyti var stofnað um það. Síðan hefur reyndar lítið spurst til orðsins og að einhverju marki merkningarinnar líka.

Vinsæl orðræða hjá fólki sem annað hvort hefur völd eða telur sig að minnsta kosti hafa tilkall til þeirra er að hnýta framan við svör sín „ég hef sagt ...“. Við erum svo sem vön því að einhver endurtaki sig við okkur, sérstaklega í æsku: „ég hef margoft sagt ... þér að taka til/ganga frá eftir þig“. En þessi notkun er ekki vegna þess að sá sem lætur þau frá sér telji ekki á sig hlustað. Nei, þetta er yfirlætisleg orðræða þess sem telur sig aðeins segja gáfulega hluti og finnst eðlilegt að endurtaka sem víðast. En auðvitað er þetta bara hjákátlegt, því að vitna í sjálfan sig er í besta falli skondið, eiginlega sorglegt enda verður það sem sagt er ekki merkilegra við að viðkomandi sé sammála sjálfum sér. ■



UMHVERFISMERKI

**pappír
umhverfið
prentun**



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Kveðjum enn
eitt ár í norðri.

Við þökkum samfylgdina gegnum skafrenninginn, heiðríkjuna, hráslagann og bongóblíðuna á árinu 2022.

Klæðum okkur vel á nýju ári.

Við minnum á að skilafrestur jólagjafa er til 31. janúar 2023